

*Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki*

*Samantekt úrskurða*

*2007*

Ár 2007, þriðjudaginn 5. júní, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Einar Páll Tamimi, Geir Arnar Marelsson, Grétar Grétarsson og Hildigunnur Hafsteinsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 1/2007**:

**M**  
**gegn**  
**fjármálafyrirtækinu F**

og kveðinn upp svohljóðandi

**ú r s k u r ð u r:**

**I.**

**Málsmeðferð.**

Málsaðilar eru **M**, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar, og fjármálafyrirtækið **F**, hér eftir nefnt varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefnd 4. janúar 2007 með kvörtun **A**, f.h. sóknaraðila, dagsettri 28. desember 2006. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 4. janúar 2007, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi hans, dagsettu 9. febrúar 2007. Bréfið var sent lögmanni sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 14. febrúar 2007, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi lögmannsins, dagsettu 21. febrúar 2007.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 2. mars, 29. mars, 4. apríl og 5. júní 2007.

**II.**

**Málsatvik.**

Með umsókn, dagsettri 27. september 2004, sótti sóknaraðili um verðbréfareikning hjá **B**, í Danmörku. Var umsóknin afgreidd fyrir milligöngu varnaraðila, sem skráður var þjónustuaðili.

Hinn 28. apríl 2006 átti sér stað svokallað „*reversed stock split*“ í sænska félaginu **C**, sem tók gildi við upphaf viðskipta. Hafði **B**, ekki að sögn verið gerlegt að ljúka nauðsynlegum lagfæringum á fjölda hluta í nefndu félagi á reikningum viðskiptamanna sinna áður en til þess kom. Sökum sjálfvirkrar skráningar á hækkun sýndist hlutafjáreign hundraðfalt hærri en deginum áður. Sóknaraðili, sem átti hluti í nefndu félagi ákvað ásamt fleiri viðskiptavinum **B**, að selja hluti sínum. Reyndist innleyst söluverð verulega hærra en sem nam markaðsvirði hlutanna í lok síðasta viðskiptadags. Höfðu umræddir viðskiptamenn, þ.á m. sóknaraðili, selt bréf sem ekki voru í eigu þeirra. Þegar hér var komið sögu hófst athugun á málinu af hálfu **B**, lokað var fyrir viðskipti með hluti í **C**, og **B**, hafði samband við viðskiptamenn sína og upplýsti þá um stöðu mála. Keypti **B**, aftur nauðsynlegan fjölda hluta í **C**. Í því skyni að bæta skortstöðu viðskiptavina sinna og til

Þess að uppgjör við kaupendur bréfanna gæti átt sér stað. Var keyptum hlutum dreift jafnt milli þeirra viðskiptavina sem voru í skortstöðu. Þar sem kaupverð hlutanna var hærra en sölutilboð hljóðaði upp á leiddi það til taps fyrir viðskiptamenn **B**, í umræddum viðskiptum.

Vegna framangreinds voru skráðir eignarhlutir sóknaraðila í **C**, 5.590.700 hinn 28. apríl 2006 í stað 55.907. Seldi sóknaraðili þann dag alls 1.268.000 hluti. Við leiðréttingu **B**, myndaðist skortstaða þar sem seldir hlutir umfram þá, sem sóknaraðili var fyrir 28. apríl 2006 skráður eigandi að, voru 1.212.093. Keypti **B**, þann fjölda af hlutum fyrir sóknaraðila á genginu 4,17. Meðalsölugengi í viðskiptum sóknaraðila var 3,6729. Varð sóknaraðili af þessum sökum fyrir tjóni að fjárhæð kr. 7.707.208 miðað við gengi sænsku krónunnar nefndan dag.

Með rafpósti, dagsettum 2. maí 2006, kvartaði sóknaraðili undan ofangreindum viðskiptum við **B**, og áskildi sér rétt til bóta vegna þess tjóns sem hann kvaðst hafa orðið fyrir. Með rafpósti varnaraðila, dagsettum 4. maí 2006, var sóknaraðila tilkynnt að lögfræðingur á vegum varnaraðila hefði fengið málið til skoðunar og myndi skila álit, sem sent yrði sóknaraðila. Með bréfi varnaraðila, dagsettu 30. maí 2006, sem virðist hafa verið sent til margra viðskiptavina **B**, hér á landi var þeim bent á að beina erindum sínum til bankans eða kærunefndar í Danmörku væru þeir ósáttir við svör **B**.

Málið barst úrskurðarnefndinni með kvörtun, dagsettri 28. desember 2006.

### III.

#### Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili gerir í málinu eftirfarandi kröfur:

1. Krafist er viðurkenningar á bótaskyldu varnaraðila og/eða **B**, vegna mistaka sem áttu sér stað 28. apríl 2006.
2. Krafist er greiðslu bóta, kr. 7.707.208, auk dráttarvaxta frá 28. apríl 2006.
3. Krafist er viðurkenningar á því að varnaraðili sé réttur aðili málsins vegna þeirra mistaka sem áttu sér stað 28. apríl 2006.
4. Verði ekki fallist á að varnaraðili sé réttur aðili málsins er þess krafist að viðurkennt verði að hægt sé að skjóta málum vegna mistaka **B**, fyrir nefndina og að **B**, lúti lögsögu nefndarinnar vegna viðskipta þeirra á Íslandi og verði úrskurðað bótaskyld.

Sóknaraðili kveðst hafa átt viðskipti í góðri trú með hluti sem síðar kom í ljós að hann átti ekki þar sem ekki höfðu verið gerðar nauðsynlegar lagfæringar í kerfi **B**. Þá telur sóknaraðili að óheimilt hafi verið að kaupa að nýju hluti í **C**, án hans samþykkis. Fjárhæð skaðabótakröfu sinnar styður sóknaraðili við útreikninga löggilts endurskoðanda.

Sóknaraðili vísar til þess að varnaraðili sé umboðsmaður og/eða samstarfsaðili **B**, á Íslandi og hafi á allan hátt komið fram gagnvart sóknaraðila vegna viðskipta hans við **B**. Bendir sóknaraðili í þeim efnum á að nafn og merki varnaraðila komi fram á öllum skjölum sem notuð séu í viðskiptum og þegar samningi er komið á. Kveðst sóknaraðili hafa talið að hann væri að stunda viðskipti við varnaraðila eða að varnaraðili væri a.m.k. ábyrgur fyrir þeim viðskiptum.

### IV.

#### Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess aðallega að máli þessu verði vísað frá úrskurðarnefndinni, en til vara að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Áhrærandi aðalkröfu sínar vísar varnaraðili til þess að hann hafi aldrei fengið formlega kröfu frá sóknaraðila og hafi þar af leiðandi aldrei hafnað neinni kröfu. Hafi málið og aldrei verið lagt fyrir varnaraðila með þeim hætti að reynt væri hvort sátt gæti tekist. Styður varnaraðili þessa kröfu sína við ákvæði 5. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Varnaraðili kveður kvörtun sóknaraðila snúa að viðskiptum hans við **B**, í Danmörku og séu þau gerð án atbeina varnaraðila en í samræmi við samning sóknaraðila við hinn danska banka. Hugsanleg mistök **B**, eða brot bankans á samningi við sóknaraðila séu ekki ábyrgð varnaraðila, enda hafi varnaraðili ekki tekið á sig neina slíka ábyrgð. Beri varnaraðili heldur enga ábyrgð á kerfum **B**. Þá kveðst varnaraðili hvorki hafa keypt neina hluti í **C**, fyrir hönd sóknaraðila né komið að þeim viðskiptum með nokkrum hætti og geti enga ábyrgð á þeim borið. Ennfremur kveður varnaraðili að sóknaraðila hafi verið eða mátt vera ljóst hvaða eign hann átti í greindu félagi.

## V.

### Niðurstaða.

Samkvæmt 5. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, dagsettra 8. júní 2000, er það skilyrði fyrir meðferð máls hjá úrskurðarnefndinni að fjármálafyrirtæki hafi hafnað kröfu viðskiptamanns eða ekki hafi tekist að leysa málið með sátt innan fjögurra vikna frá því að viðskiptamaður lagði málið fyrir fjármálafyrirtæki.

Í kvörtun sinni tilgreinir sóknaraðili varnaraðila sem það fjármálafyrirtæki sem kvörtunin beinist að. Í málinu krefst sóknaraðili skaðabóta úr hendi varnaraðila að fjárhæð kr. 7.707.208 vegna tjóns sem hann telur sig hafa orðið fyrir og rekja megi til mistaka í tölvukerfum **B**. Óumdeilt er að sú skaðabótakrafa hefur ekki verið höfð uppi á hendur varnaraðila. Er því ekki uppfyllt það skilyrði 5. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki fyrir meðferð málsins hjá nefndinni að varnaraðili hafi hafnað kröfu sóknaraðila. Áskilnaður sóknaraðila í rafpósti 2. maí 2006 um að hafa uppi endurkröfu og/eða skaðabótakröfu á hendur varnaraðila, svo og almennt álit varnaraðila í bréfi hans, dagsettu 30. maí 2006, um þá atburði er urðu í viðskiptum með hluti í **C**, hjá **B**, þann 28. apríl 2006 breyta hér engu um.

Með vísan til framanritaðs verður þegar af greindri ástæðu að vísa máli þessu frá úrskurðarnefndinni. Er því ekki ástæða til að fjalla frekar um kröfugerð sóknaraðila eða málatilbúnað hans að öðru leyti.

## Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli þessu er vísað frá úrskurðarnefndinni.

Reykjavík, 5. júní 2007.

---

Guðjón Ólafur Jónsson

---

Einar Páll Tamimi

Geir Arnar Marelsson

---

Grétar Grétarsson

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Ár 2007, fimmtudaginn 27. september, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Grétar Grétarsson, Gunnar Viðar og Hildigunnur Hafsteinsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 2/2007**:

**M**  
**og**  
**M**  
**gegn**  
**fjármálafyrirtækinu F**

og kveðinn upp svohljóðandi

## **ú r s k u r ð u r:**

### **I.**

#### **Málsmeðferð.**

Málsaðilar eru **M**, og **M**, hér eftir nefnd sóknaraðilar, annars vegar, og fjármálafyrirtækið **F**, hér eftir nefnt varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefnd 5. janúar 2007 með kvörtun **A**, hdl., f.h. sóknaraðila, dagsettri 28. desember 2006. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 8. janúar 2007, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi hans, dagsettu 12. febrúar 2007. Bréfið var sent lögmanni sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 12. febrúar 2007, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi lögmannsins, dagsettu 19. febrúar 2007. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 14. júní 2007 var óskað eftir frekari upplýsingum og gögnum frá varnaraðila. Þau bárust með bréfi hans, dagsettu 29. júní 2007. Sóknaraðilum var gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum við svör varnaraðila með bréfi nefndarinnar til lögmanns sóknaraðila, dagsettu 3. júlí 2007. Athugasemdir bárust með bréfi lögmannsins, dagsettu 16. júlí 2007. Með bréfi úrskurðarnefndarinnar, dagsettu 17. september 2007, var óskað eftir frekari gögnum frá sóknaraðilum. Bárust þau með bréfi lögmanns þeirra, dagsettu 20. september 2007.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 2. mars, 29. mars, 5. júní, 14. júní, 11. september og 27. september 2007.

### **II.**

#### **Málsatvik.**

Með kaupsamningi, dagsettu 10. mars 2006, seldu sóknaraðilar **B**, íbúð sína að **C**, í Kópavogi. Var umsamið kaupverð kr. 32.800.000. Áttu kr. 1.000.000 að greiðast í peningum, auk kr. 26.240.000 með andvirði láns frá lánastofnun kaupanda gegn skilyrtu veðleyfi. Þá skyldu kr. 4.760.000 greiðast við sölu á fasteign kaupanda eða í síðasta lagi

30. júní 2006 og loks kr. 800.000 við útgáfu afsals 30. júlí 2006. Umsaminn afhendingardagur var 4. júní 2006.

Téður kaupandi vanefndi greiðslu umsamins kaupverðs samkvæmt nefndum kaupsamningi, svo og greiðslu umsaminna afborgana af láni því, sem þinglýst hafði verið á hina seldu eign með skilyrtu veðleyfi sóknaraðila. Barst sóknaraðilum greiðsluáskorun varnaraðila vegna vanskila kaupanda á láninu, dagsett 18. september 2006. Í kjölfarið beiðdist varnaraðili nauðungarsölu á eigninni.

Þegar hér var komið sögu riftu sóknaraðilar kaupsamning aðila með ábyrgðarbréfi, dagsettu 3. nóvember 2006. Í kjölfar þess hófust viðræður milli aðila máls þessa um uppgjör vanskila á áhvílandi láni varnaraðila á fasteign sóknaraðila. Óskuðu sóknaraðilar eftir því með bréfi, dagsettu 14. nóvember 2006, að varnaraðili kæmi láninu í skil á eigin kostnað og í kjölfar þess yrðu sóknaraðilar skuldarar að láninu og það fryst þar til eignin yrði seld að nýju. Varnaraðili mun hafa hafnað beiðni þessari í lok nóvember 2006 og skriflega með bréfi, dagsettu 4. desember 2006. Hinn 1. desember 2006 greiddu sóknaraðilar með fyrirvara um endurgreiðslu vanskil á nefndu láni frá varnaraðila. Afturkallaði varnaraðili í kjölfarið nauðungarsölubeiðni sína. Samkomulag náðist milli sóknaraðila og nefnds kaupanda 1. desember 2006 um riftun kaupsamnings þeirra og samþykkti kaupandinn að kr. 1.000.000, sem hann hafði greitt við undirritun samningsins, gengi upp í skaðabætur til handa sóknaraðilum. Með kaupsamningi, dagsettu 8. desember 2006, seldu sóknaraðilar umrædda eign öðru sinni og var umsamið kaupverð kr. 33.500.000.

Málið barst úrskurðarnefndinni með kvörtun, dagsettri 28. desember 2006.

### III.

#### Umkvörtunarefni.

Sóknaraðilar krefjast þess að varnaraðila verði gert að endurgreiða þeim kr. 1.189.690.

Nefnda fjárhæð kveðast sóknaraðilar hafa greitt varnaraðila til að koma áhvílandi veðskuldabréfi á fasteign sinni í skil svo þeir gætu selt eignina að nýju. Sóknaraðilar telja að varnaraðila hafi verið óheimilt að stofna til veðréttar yfir fasteigninni og hafi veðið af þeim sökum verið ógilt frá upphafi. Kveðast sóknaraðilar hafa heimilað varnaraðila að fá veð í fasteign sinni þar sem þeim hafi verið sagt að fyrrgreindur kaupandi eignarinnar hefði farið í gegnum greiðslumat hjá útibúi varnaraðila á **D**, og að honum hafi verið veitt lán á grundvelli þess mats. Hafi þau mátt treysta því að greiðslugeta kaupandans yrði metin af bankanum, enda hafi þau samþykkt kautilboð og veðsetningu eignar sinnar á þeim forsendum.

Sóknaraðilar kveða síðar hafa komið í ljós að greiðslugeta nefnds kaupanda hafi aldrei verið metin áður en honum var veitt lán að fjárhæð kr. 26.240.000, sem hann hafi aldrei greitt af. Álíta sóknaraðilar þetta andstætt ákvæðum 3. gr. samkomulags um notkun sjálfskuldarábyrgða, sem þeir telja taka til þeirra veðsetningar sem hér um ræði. Þess utan telja sóknaraðilar að þeim verði ekki gert að bera ábyrgð á láni sem undir öllum eðlilegum kringumstæðum hefði aldrei átt að veita, enda hefði margnefndum kaupanda aldrei verið veitt umrætt lán hefði greiðslugeta hans verið metin. Verði varnaraðili sjálfur að bera ábyrgð á þessum mistökum sínum.

Sóknaraðilar telja ennfremur að gera megi þá eðlilegu kröfu til fjármálastofnana að þær meti greiðslugetu lántakenda þegar þriðji aðili veiti heimild til veðsetningar í

fasteign sinni til tryggingar fjárskuldbindingunni. Sé það í fullu samræmi við þær starfsskyldur sem hvíla á fjármálastofnunum í viðskiptum þeirra við neytendur. Hafi sóknaraðilar, sem séu óvön fasteignaviðskipum, mátt treysta því að faglega yrði staðið að lánveitingu varnaraðila til kaupanda fasteignar þeirra og að kannað yrði hvort hann hefði burði til að standa við þær skuldbindingar sem hann hafi tekist á hendur við fasteignakaupin.

Þá benda sóknaraðilar á að þeim hafi ekki verið tilkynnt um vanskil kaupandans fyrr en með greiðsluáskorun, dagsettri 18. september 2006, en vanskilin hafi þá staðið yfir frá 1. maí 2006. Samkvæmt 5. gr. áðurnefnds samkomulag beri hins vegar að tilkynna veðsala um gjaldfallnar afborganir innan 30 daga frá því að þær gjaldféllu. Telja sóknaraðilar slíka skyldu hvíla á varnaraðila hvort sem er á grundvelli samkomulagsins eða eðlilegrar venju í slíkum viðskiptum. Hafi þetta orðið til þess að tjón þeirra hafi orðið meira en ella hefði þurft að vera.

#### IV.

##### **Athugasemdir varnaraðila.**

Varnaraðili krefst þess að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili mótmælir því alfarið að samkomulag um notkun sjálfskuldarábyrgða eigi við í málinu. Sé markmiðið með samkomulaginu að vernda grandlausan þriðja mann sem hyggist gangast í ábyrgð fyrir skuldara. Í máli þessu hafi sóknaraðilar hins vegar heimilað kaupanda fasteignar þeirra að veðsetja hina seldu eign fyrir láni sem kaupandi tók til að fjármagna fasteignakaupin og hafi allt andvirði lánsins gengið til sóknaraðila. Sé útilokað að líta á slíkt sem hliðstæðu þess þegar einstaklingur heimili að fasteign hans sé sett að veði til tryggingar skuldbindingu annars manns, þ.e. lántakans, og lántakinn fær andvirði lánsins greitt til sín.

Varnaraðili kveður enga skyldu hvíla á fjármálafyrirtækjum þegar framangreindu samkomulagi sleppir. Er því mótmælt að varnaraðili hafi staðfest að greiðslumat á kaupanda fasteignar sóknaraðila hafi farið fram á vegum varnaraðila. Byggi sóknaraðilar á því að þeir hafi fengið staðfestingu fasteignasala á því að samþykkt hafi verið að veita kaupanda lán fyrir kaupunum og hafi því talið að kaupandi hafi verið greiðslumetinn. Viðurkenni sóknaraðilar því að hafa eingöngu stuðst við upplýsingar frá fasteignasalanum, enda hafi þeir aldrei haft samband við varnaraðila vegna þessa.

Varnaraðili vísar til þess að að samkvæmt 5. gr. samkomulags um notkun sjálfskuldarábyrgða skuldi stefnt að því að tilkynna ábyrgðarmanni um vanskil innan 30 daga frá greiðslufalli skuldara. Sé því um dagana 31. maí til 18. september 2006 að ræða, en tilkynning bankans þessa efnis sé dagsett síðarnefnda daginn. Beri sóknaraðilar sönnunarbyrði fyrir að hún hafi ekki borist þeim fyrr en 4. október 2006. Af orðalagi ákvæðisins megi og sjá að um markmið sé að ræða en ekki skyldu. Varnaraðili hafnar því allt að einu að nefnt samkomulag eigi við í málinu og telur að játa verði fjármálafyrirtækjum rýmri frest í þeim tilvikum sem falli utan samkomulagsins, sem og ákveðið mat í hverju tilviki fyrir sig. Kveður varnaraðili enga venju hafa myndast í framkvæmdum sem þessum. Verði að telja það eðlilega framkvæmd að reyna til þrautar að krefja aðalskuldara um greiðslu áður en gengið sé að veðsala. Þá sé allt að einu ósannað hvort fyrri tilkynning varnaraðila um greiðslufall hefði leitt til takmörkun tjóns og þá hversu mikillar. Njóti til að mynda engra gagna við um það hvort riftun



kaupsamnings hafi verið heimil á fyrri stigum málsins, en ef svo væri yrði ekki séð að um neina takmörkun á tjóni hefði getað verið um að ræða.

Varnaraðili telur ósannað að meint tjón sóknaraðila hafi verið óumflýjanlegt og bendir á að þeim hafi tekist að selja fasteignina að nýju innan við einum mánuði eftir að þau greiddu vanskil áhvílandi veðskuldabréfs varnaraðila. Sé algengt að fasteignir seljist á meðan þær eru í nauðungarsöluferli og hafi sóknaraðilar ekki sýnt að þeim hafi verið nauðugur einn kostur að greiða upp vanskil lánsins til að forða tjóni. Þá liggja jafnframt fyrir að sóknaraðilar hafi fengið kr. 1.000.000 greiddar við undirritun kaupsamnings og sé eðlilegt að sú fjárhæð komi til lækkunar bótakröfu.

## V.

### Niðurstaða.

Í máli þessu krefast sóknaraðilar, kr. 1.189.690 í skaðabætur vegna meints tjóns, sem þau telja sig hafa orðið fyrir sökum þess að varnaraðili lét hjá líða að meta greiðslugetu kaupanda að fasteign þeirra áður en tekin var ákvörðun um að veita honum lán, sem svaraði til 80% af kaupverði eignarinnar. Ágreiningslaust er að greiðslugeta kaupandans var ekki metin af hálfu varnaraðila.

Samkvæmt samkomulagi sóknaraðila og nefnds kaupanda, **B**, dagsettu 1. desember 2006, veitti sá síðarnefndi sóknaraðilum heimild til að skuldajafna hluta kröfu sinnar á hendur honum vegna vanefnda hans á móti kröfu **B**, um endurgreiðslu á útborgun samkvæmt kaupsamningi að fjárhæð kr. 1.000.000. Þá liggur fyrir að samkvæmt kaupsamningi, dagsettu 8. desember 2006, þar sem sóknaraðilar seldu fasteign sína öðru sinni, var söluverð eignarinnar kr. 700.000 hærra en samkvæmt kaupsamningi þeirra og **B**, þ.e. kr. 33.500.000 í stað kr. 32.800.000.

Samkvæmt framansögðu verður ekki ráðið af gögnum málsins, eins og það liggur fyrir úrskurðarnefndinni, að sóknaraðilar hafi orðið fyrir fjárhagslegu tjóni vegna meintrar sagnæmrrar háttsemi varnaraðila. Verður því þá þegar að hafna öllum kröfum sóknaraðila á hendur varnaraðila.

### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfum sóknaraðila, **M**, og **M**, á hendur varnaraðila, fjármálafyrirtækisnu **F**., er hafnað.

Reykjavík, 27. september 2007.

\_\_\_\_\_  
Guðjón Ólafur Jónsson

\_\_\_\_\_  
Geir Arnar Marelsson

\_\_\_\_\_  
Grétar Grétarsson

\_\_\_\_\_  
Gunnar Viðar

\_\_\_\_\_  
Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Ár 2007, þriðjudaginn 27. september, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Grétar Grétarsson, Gunnar Viðar og Hildigunnur Hafsteinsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 3/2007**:

**M**  
**gegn**  
**fjármálafyrirtækinu F**

og kveðinn upp svohljóðandi

**ú r s k u r ð u r:**

**I.**

**Málsmeðferð.**

Málsaðilar eru **M**, hér eftir nefnt sóknaraðili, annars vegar, og fjármálafyrirtækið **F**, hér eftir nefnt varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefnd 16. febrúar 2007 með kvörtun **A**, hrl. skipaðs lögráðamanns **M**, fyrir hennar hönd, dagsettri 11. sama mánaðar. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 21. febrúar 2007, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi hans, dagsettu 28. mars 2007. Bréfið var sent lögmanni sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 2. apríl 2007, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi lögmannsins, dagsettu 17. apríl 2007. Óskað var eftir frekari upplýsingum og gögnum frá varnaraðila með bréfi, dagsettu 14. júní 2007. Svör bárust með bréfi varnaraðila, dagsettu 20. júní 2007. Þau voru talin ófullnægjandi og var beiðni nefndarinnar ítrekuð með bréfi hennar, dagsettu 24. ágúst 2007. Frekari gögn bárust með bréfi varnaraðila, dagsettu 4. september 2007.

**M**, lést 29. júní 2007 og tók dánarbú hennar þá við sókn málsins.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 5. júní, 14. júní, 11. september og 27. september 2007.

**II.**

**Málsatvik.**

Sóknaraðili var svipt fjárræði með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 15. maí 2006 og var tilkynning um úrskurðinn birt í Lögbirtingablaði **B**. Sýslumaðurinn í Reykjavík tilkynnti varnaraðila um fjárræðissviptinguna með bréfi, dagsettu 24. maí 2006. **A**, hrl. var skipuð lögráðamaður sóknaraðila með skipunarbréfi sýslumannsins í Reykjavík, dagsettu 12. júní 2006.

Við athugun skipaðs lögráðamanns kom í ljós að sóknaraðili hafði tekið skuldabréfalán hjá varnaraðila 2. júní 2006. Óskaði lögráðamaðurinn eftir því með bréfi til varnaraðila, dagsettu 4. júlí 2006, að sá gerningur gengi til baka og að vextir og lántökugjald yrði endurgreitt, auk þess sem útgreidd fjárhæð yrði skuldfærð af innstæðum hennar hjá varnaraðila. Þá spurðist lögráðamaðurinn fyrir um átta nánar tiltekna skuldfærslur á reikning sóknaraðila nr. 303-13-905340 hjá varnaraðila. Með

bréfi, dagsettu 18. september 2006, krafðist lögráðamaður sóknaraðila þess með vísan 2. mgr. 76. gr. lögræðis laga nr. 71, 1997 að varnaraðili endurgreiðdi sóknaraðila samtals kr. 246.726, þ.e. kr. 237.000 vegna fjögurra úttekta af tékkareikningi og kr. 9.726 vegna vaxta og lántökukostnaðar í tengslum við nefnt skuldabréfalán. Varnaraðili hafnaði kröfum sóknaraðila með bréfi, dagsettu 31. október 2006.

Málið barst úrskurðarnefndinni með kvörtun, dagsettri 11. febrúar 2007.

### III.

#### Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðila verði gert að endurgreiða honum kr. 237.000.

Sóknaraðili krefst endurgreiðslu á fjórum úttektum í reiðufé, kr. 2.000, sem teknar voru út 23. maí 2006, kr. 18.000 sem teknar voru út 13. júní 2006, kr. 175.000 sem teknar voru út 14. júní 2006 og loks kr. 42.000 sem teknar voru út 10. júlí 2006.

Sóknaraðili kveður fjárræðissviptingu sína hafa tekið gildi gagnvart varnaraðila með birtingu úrskurðar þar um í Lögbirtingablaði **B**. Telur sóknaraðili skipaðan lögráðamann eiga að skera úr um hvort tilteknir fjármunir teljist sjálfsaflafé í skilningi 2. mgr. 75. gr. lögræðis laga nr. 71, 1997. Kröfu sína um endurgreiðslu styður sóknaraðili við 2. mgr. 76. gr. sömu laga.

### IV.

#### Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess aðallega að máli þessu verði vísað frá úrskurðarnefndinni, en til vara að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Áhrærandi aðalkröfu sína vísar varnaraðili til þess að ekki sé ljóst á hvaða heimild riftunarkrafa sóknaraðila sé byggð. Bendir varnaraðili jafnframt á ákvæði 78. gr. lögræðis laga þar sem segi að hinn ólögráða skuli greiða féggjald að því leyti sem verðmæti hafi orðið honum að notum. Komi fram í greinargerð með lögunum að um sé að ræða auðgunarkröfu á hendur hinum ólögráða sem einkum miðist við það hvort eign hans aukist vegna þess að hann fékk hlutinn í hendur eða hvort honum hafi sparast nauðsynleg útgjöld. Ekkert liggir fyrir í máli þessu hvernig fjármunum sóknaraðila hafi verið ráðstafað og því ógerlegt að taka afstöðu til kröfu hans. Verði því að vísa málinu frá úrskurðarnefndinni, sbr. e-lið 4. (sic) gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Varakröfu sína styður varnaraðili þeim rökum að inn á reikning sóknaraðila hjá varnaraðila hafi frá því að fjárræðissvipting átti sér stað og þar til endurgreiðslu var krafist verið lögð inn laun sóknaraðila, samtals að fjárhæð kr. 402.681, sem sé hærri fjárhæð en sóknaraðili fer fram á að verði endurgreidd. Kveður varnaraðili launagreiðslur þessar vera sjálfsaflafé í skilningi 2. mgr. 75. gr. lögræðis laga og mótmælir því að það sé lögráðamanns að skera úr um hvort tilteknir fjármunir teljist sjálfsaflafé í skilningi laga.

Varnaraðili bendir enn fremur á að óeðlilegt sé að honum verði gert að endurgreiða sóknaraðila fé sem sóknaraðili hafi þegar nýtt í eigin þágu. Yrði sú niðurstaða til þess að sóknaraðili myndi auðgast um þá fjárhæð sem gerð er krafa um að verði endurgreidd.

Loks byggir varnaraðili á því að úttektir af bankareikningi geti ekki talist til löggernings í skilning lögræðis laga og sé endurgreiðsla á grundvelli riftunar því ótæk.

Ákvæði 76. gr. eigi fyrst og fremst við um ráðstöfun fjárverðmæta og stofnun fjárskuldbindinga. Með úttektum sínum af bankareikningi hafi sóknaraðili ekki verið að stofna til fjárskuldbindinga í skilningi nefnds ákvæðis og því ekki um eiginlegan löggerning að ræða.

## V.

### Niðurstaða.

Varnaraðili hefur í máli þessu aðallega krafist þess að málinu verði vísað frá úrskurðarnefndinni. Samkvæmt e-lið 6. gr. samþykkt fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, dagsettra 8. júní 2000, fjallar nefndin ekki um mál, sem eru það óljós, illa upplýst eða kröfur aðila svo óskýrar að þau eru ekki tæk til úrskurðar. Í máli þessu setur sóknaraðili fram kröfu um endurgreiðslu tiltekinnar fjárhæðar, sem saman stendur af fjórum úttektum sóknaraðila af reikningi hans hjá varnaraðila og hann telur varnaraðila eiga að endurgreiða sér. Fallast má á að reifun málsatvika og málsástæðna í kvörtun sóknaraðila sé í rýrara lagi. Af gögnum málsins má þó ráða hver rök sóknaraðili telur liggja að baki kröfum sínum og kröfugerð hans er skýr. Þykja því ekki nægileg efni til að fallast á frávísunarkröfu varnaraðila og verður henni því hafnað.

Í málinu liggur fyrir að sóknaraðili var sviptur fjárræði 15. maí 2006 og var tilkynning þar að lútandi birt í Lögbirtingablaði **B**, Miðast réttaráhrif úrskurðarins gagnvart varnaraðila við þá dagsetningu, sbr. ákvæði 3. mgr. 13. gr., sbr. 2. og 3. mgr. 76. gr. lögræðislaga nr. 71, 1997. Löggerningar sem fjárræðissviptur maður gerir eftir birtingu úrskurðar um fjárræðissviptingu binda hann ekki, sbr. 2. mgr. 76. gr.

Meginregla um réttaráhrif fjárræðisskorts kemur fram í 1. mgr. 75. gr. lögræðislaga þar sem mælt er fyrir um að ófjárráða maður ráði ekki fé sínu nema lög mæli á annan veg. Í 2. - 4. mgr. 75. gr. er mælt fyrir um undantekningar frá þeirri reglu. Taka þær til sjálfsafla- og gjafafjár og fjár sem lögráðamaður hefur látið hinn ófjárráða hafa til ráðstöfunar. Samkvæmt 2. mgr. 75. gr. ræður ófjárráða maður sjálfur sjálfsaflafé sínu sem hann hefur þegar unnið fyrir. Sá, sem sviptur hefur verið fjárræði, ræður þó aðeins því sjálfsaflafé sem hann hefur unnið sér inn eftir að úrskurður gekk um sviptingu fjárræðis, sbr. 2. málsl. 2. mgr. Eins og skýrt er tekið fram í athugasemdum með frumvarpi því sem varð að gildandi lögræðislögum er með sjálfsaflafé „...fyrst og fremst átt við það fé sem hinn ófjárráða hefur unnið sér inn með persónulegri vinnu sinni.“ Í athugasemdunum er ennfremur sérstaklega áréttað að ráðstöfunarréttur hins ófjárráða sæti þó vissum takmörkunum. Þannig taki „...hann aðeins til fjár sem þegar hefur verið aflað ... Maður getur því ekki ráðstafað með löggerningi fé sem hann á eftir að afla, t.d. vinnulaunum.“

Samkvæmt framansögðu eru engin efni til að fallast á þær röksemdir sóknaraðila að það sé undir ákvörðun lögráðamanns hans komið hvað teljist til sjálfsaflafjár. Var sóknaraðila heimilt að ráðstafa þeim launum, sem hann aflaði sér eftir að hann var sviptur sjálfræði og greidd voru inn á reikning hans.

Krafa sóknaraðila lýtur að þremur úttektum af tékkareikningi hans og einni af bókarlausum sparisjóðsreikningi hjá varnaraðila. Þegar tilkynning um lögræðissviptingu sóknaraðila var birt í Lögbirtingablaði **B**, nam innstæða á tékkareikningi hans hjá varnaraðila kr. 5.827 samkvæmt útreikningum úrskurðarnefndarinnar, en yfirlit yfir innstæðu á reikningnum á hverjum tíma fékkst ekki hjá varnaraðila þrátt fyrir ítrekaða beiðni nefndarinnar. Samkvæmt framanröktum ákvæðum lögræðislaga réði sóknaraðili

ekki því fé sínu. Sóknaraðili krefst endurgreiðslu á kr. 2.000 sem að hann tók út af reikningnum 23. maí 2006. Ekki eru hins vegar gerðar athugasemdir við úttekt að fjárhæð kr. 2.500 sama dag og úttekt degi síðar að fjárhæð kr. 1.000. Hinn 23. maí 2006 hafði sóknaraðili samkvæmt framansögðu ekki heimild til að ráðstafa umþrættri fjárhæð, kr. 2.000, af tékkareikningi sínum.

Hinn 1. júní 2006 fékk sóknaraðili greidd laun, kr. 49.559, inn á tékkareikning sinn. Degi síðar voru færðar fimm úttektir á tékkareikninginn, samtals að fjárhæð kr. 9.778. Stóðu þá enn eftir kr. 39.781 af launum sóknaraðila. Lán, sem varnaraðili veitti sóknaraðila, var greitt inn á tékkareikninginn 7. júní 2006, kr. 193.100. Sama dag voru skuldfærðar á reikninginn kr. 39.000, kr. 18.000 hinn 13. júní 2006 og kr. 175.000 degi síðar, 14. júní 2006. Nam innstæða á tékkareikningi sóknaraðila þá kr. 881. Síðastnefndu tvær skuldfærslurnar virðast vera vegna peningaúttektar sóknaraðila og er krafist endurgreiðslu þeirra. Að frádreginni úttekt að fjárhæð kr. 39.000 hinn 7. júní 2006 stóðu eftir kr. 781 af launum þeim sem sóknaraðili fékk greiddar 1. júní 2006. Hafði sóknaraðili ekki rétt til að ráðstafa frekari fjárhæðum af reikningi sínum. Voru því kr. 192.219 umfram sjálfsaflafé hennar. Umrætt skuldabréf var greitt upp 10. júlí 2006 með úttekt af bókarlausum sparireikningi sóknaraðila.

Samkvæmt framansögðu hafði sóknaraðili ekki heimild til að ráðstafa kr. 2.000 af tékkareikningi sínum hinn 23. maí 2006 og ekki umfram kr. 49.559 í júní 2006. Ráðstöfun á kr. 192.219 í þeim mánuði var umfram sjálfsaflafé hennar. Samtals verður því að telja að sóknaraðili hafi ráðstafað kr. 194.219 út af tékkareikningi sínum í andstöðu við úrskurð um lögræðissviptingu og ákvæði laga um heimild til ráðstöfunar fjár síns. Með vísan til þess sem fyrr er rakið, sbr. 2. mgr. 75. gr. lögræðis laga, stóðar ekki fyrir varnaraðila að bera fyrir sig að síðar hafi borist frekari launagreiðslur inn á tékkareikning sóknaraðila, enda var sóknaraðila óheimilt að ráðstafa fé sem hann átti eftir að afla.

Framanrakið á ennfremur við um úttekt á kr. 42.000 hinn 10. júlí 2006 af bókarlausum sparisjóðsreikningi sóknaraðila hjá varnaraðila. Ekki voru greidd laun inn á reikninginn og í raun höfðu engar innborganir á reikninginn átt sér stað á árinu 2006. Var ráðstöfun fjárins sóknaraðila því óheimil. Er niðurstaða úrskurðarnefndarinnar því sú að ráðstöfun á alls kr. 236.219 af þeim fjórum úttektum, samtals að fjárhæð kr. 237.000, sem krafist er endurgreiðslu á, hafi verið umfram heimildir sóknaraðila.

Eins og fyrr er rakið er samkvæmt kvörtun sóknaraðila gerð krafa um endurgreiðslu tiltekinnna úttekta. Með hliðsjón af öðrum gögnum málsins þykir þrátt fyrir það mega ráða af málatilbúnaði sóknaraðila að hann geri kröfu um skaðabætur að fjárhæð kr. 237.000 vegna tjóns sem hann hafi orðið fyrir sakir gáleysis varnaraðila. Telja verður að varnaraðila hafi eftir 22. maí 2006 mátt vera ljóst að sóknaraðili hafði verið sviptur lögræði og hafi haft öll tæk á að koma í veg fyrir eða eftir atvikum takmarka úttektir sóknaraðila af reikningum sínum. Þetta gerði varnaraðili ekki heldur lánaði sóknaraðila þvert á móti fé og greiddi inn á tékkareikning hans, sem gerði það að verkum að sóknaraðili gat tekið út mun meira fé af reikningnum en ella. Verður að virða háttsemi varnaraðila honum til sakar og ber hann því ábyrgð á að alls kr. 236.219 af þeim 237.000, sem krafa sóknaraðila snýst um, var heimildarlaust ráðstafað út af reikningum sóknaraðila. Ekki liggur fyrir hvort eða að hve miklu leyti sóknaraðili naut sjálfur góðs af ráðstöfun fjárins. Eins og atvikum málsins er háttað þykir rétt að varnaraðili beri hallann

af öllum vafa í þeim efnum. Verður varnaraðila því gert að greiða sóknaraðila kr. 236.219.

**Ú r s k u r ð a r o r ð:**

Varnaraðili, fjármálafyrirtæki **F**, greiði sóknaraðila, **M**, kr. 236.219.

Reykjavík, 27. september 2007.

---

Guðjón Ólafur Jónsson

---

Geir Arnar Marelsson

---

Grétar Grétarsson

---

Gunnar Viðar

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Ár 2007, mánudaginn 27. ágúst, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Einar Páll Tamimi, Geir Arnar Marelsson, Grétar Grétarsson og Hildigunnur Hafsteinsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 4/2007**:

**M**  
**gegn**  
**fjármálafyrirtækinu F**

og kveðinn upp svohljóðandi

## **ú r s k u r ð u r:**

### **I.**

#### **Málsmeðferð.**

Málsaðilar eru **M**, hér eftir nefnd sóknaraðili, annars vegar, og fjármálafyrirtækið **F**, hér eftir nefnt varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefnd 11. apríl 2007 með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 10. sama mánaðar. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 16. apríl 2007, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi hans, dagsettu 16. maí 2007. Bréfið var sent sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 23. maí 2007, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi, dagsettu 7. júní 2007.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 14. júní, 5. júlí og 27. ágúst 2007.

### **II.**

#### **Málsatvik.**

Hinn 30. janúar 2007 seldi sóknaraðili fyrir milligöngu varnaraðila hluti að nafnvirði kr. 217.880 í **A**, á genginu 6,528311 fyrir samtals kr. 1.422.388. Jafnframt seldi eiginmaður sóknaraðila, **B**, sama dag hluti að nafnvirði kr. 985.316 á sama gengi fyrir samtals kr. 6.432.449. Þá seldi **B**, einnig svonefnd fyrirtækjabréf varnaraðila fyrir kr. 109.316 og sparibréf varnaraðila fyrir kr. 755.112. Loks keyptu sóknaraðili og **B**, hvort um sig peningabréf varnaraðila að nafnvirði kr. 174.450 á genginu 24,762 fyrir samtals kr. 4.319.731 hinn 2. febrúar 2007.

Hinn 29. janúar 2007 hafði **A**, tilkynnt að ársuppgjör yrði kynnt 15. febrúar 2007. Degi síðar, þ.e. sama dag og sóknaraðili seldi bréf sín í nefndu hlutafélagi, var tilkynnt um að aðalfundur félagsins yrði haldinn 6. mars 2007. Á aðalfundinum mun hafa verið ákveðið að greiða út 110% arð, 50% í peningum og 60% í nýjum hlutum í félaginu.

Sóknaraðili kveðst hafa spurst fyrir um það hjá varnaraðila hvenær henni yrði greiddur arður frá nefndu hlutafélagi. Var henni tjáð að af því yrði ekki þar sem hún hefði selt hluti sína. Með bréfi, dagsettu 10. apríl 2007, var gerð athugasemd við varnaraðila vegna framangreindra viðskipta og ráðgjafar varnaraðila þeim tengdum. Taldi sóknaraðili tjón sitt og eiginmanns síns nema samtals kr. 538.143 og gerði kröfu

um að varnaraðili tæki á sig ábyrgð á því að þau hefðu ekki fengið greiddan arð í marsmánuði eins og venja væri til. Erindi sóknaraðila var hafnað með bréfi varnaraðila, dagsettu 29. mars 2007.

Málið barst úrskurðarnefndinni með kvörtun, dagsettri 10. apríl 2007.

### III.

#### Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðili greiði sér kr. 538.143.

Sóknaraðili kveðst hafa haft samband við þjónustufulltrúa hjá varnaraðila og beðið hann um skoða verðbréfaeign sína, ávöxtunarleidir og sameiningu á verðbréfum. Hafi henni verið tjáð að ávöxtun bréfanna hefði ekki verið góð undanfarin ár og því best í þeirri stöðu að selja þau og kaupa peningabréf í staðinn. Kveðst sóknaraðili hafa staðið í þeirri trú að með verðbréfum væri eingöngu átt við fyrirtækja- og sparibréf varnaraðila en ekki hlutabréf. Telur sóknaraðili að hann hefði áttað sig á að um misskilning hefði verið að ræða hefði honum verið tjáð að við sölu á hlutabréfum sínum myndi hann missa rétt til arðgreiðslu. Hefði varnaraðila átt að vera ljóst að möguleiki væri á útgreiðslu arðs í mars. Þá hefði varnaraðili og átt að ráðleggja sóknaraðila að bíða fram yfir aðalfund með sölu á hlutunum, óháð því hvort arður yrði greiddur út eða ekki. Kveður sóknaraðili ljóst að upplýsingum varðandi hlutfjáreign og arðgreiðslur hafi verið ábótavant og sé því eðlilegt að varnaraðili beri að hluta ábyrgð í málinu.

Krafa sóknaraðila byggist á þeim arði, sem hann og maki hans hefðu að sögn fengið greiddan í mars 2007, kr. 601.598, að viðbættum kostnaði við sölu verðbréfa, en að frádregnum áunnum vöxtum í mars 2007 af keyptum peningabréfum varnaraðila. Standa þá eftir kr. 538.143 sem er krafa sóknaraðila.

### IV.

#### Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili kveðst hafa ráðlagt sóknaraðila að selja hlutabréf sín í A, og kaupa peningabréf varnaraðila. Kveður varnaraðili engar upplýsingar um uppgjör félagsins eða væntanlegar arðgreiðslur hafa legið fyrir þegar viðskipti sóknaraðila áttu sér stað 30. janúar 2007. Þá hafi og verið óvissa um þróun á verðmæti hluta félagsins. Hafi ráðgjöf varnaraðila því ekki verið röng eða ábótavant á þeim tíma sem viðskiptin áttu sér stað.

Varnaraðili bendir ennfremur á að arðgreiðslur A, hafi verið með eindæmum háar þetta árið. Þá hafi verð hluta í félaginu lækkað verulega eftir aðalfund félagsins. Sé það í samræmi við það sem almennt gerist enda sé verið að taka verðmæti út úr hlutaðeigandi félagi. Greiningardeild varnaraðila hafi og mælt með sölu á hlutum í félaginu að lokinni arðgreiðslu.

Varnaraðili vísar til þess að fjárfesting í hlutabréfum, sérstaklega án áhættudreifingar, sé áhættusöm og mæli hann ekki með slíku fyrir eldra fólk heldur frekar ávöxtun með öruggum hætti. Séu peningabréf varnaraðila ein leið til þess. Hafi ávöxtun þeirra verið með miklum ágætum frá áramótum og verði því að telja að fjármunir sóknaraðila hafi notið góðrar og öruggrar ávöxtunar frá því að hlutabréfin voru seld og peningabréfin keypt. Telur varnaraðili ráðgjöf sína hafa verið með öllu eðlilega miðað við þekkingu og atvik á þeim tíma sem hún hafi verið veitt.



**V.****Niðurstaða.**

Fyrir liggur að sóknaraðili, ásamt eiginmanni sínum, seldi 30. janúar 2007 hluti sína í **A**, auk þess sem eiginmaðurinn seldi fyrirtækja- og sparibréf. Í staðinn keyptu þau peningabréf varnaraðila. Hefur varnaraðili lýst því yfir að þessi viðskipti hafi verið í samræmi við ráðgjöf hans. Sóknaraðili heldur því annars vegar fram að þeim hjónum hafi ekki verið ljóst að um sölu hlutabréfa væri að ræða, en á þeim misskilningi hefðu þau áttað sig hefði þeim verið tjáð við söluna að þau myndu missa rétt til arðgreiðslu. Hins vegar telur sóknaraðili að varnaraðili hefði átt að ráðleggja sóknaraðila og eiginmanni hennar að bíða fram yfir aðalfund með sölu á hlutunum, óháð því hvort arður yrði greiddur út eða ekki.

Fyrir liggur í gögnum málsins að sóknaraðili hafi sjálfur farið í útibú varnaraðila og gengið frá ofangreindum viðskiptum. Þá liggur ekki annað fyrir en að hann hafi fengið í hendur kvittanir fyrir keyptum og seldum verðbréfum, þ.m.t. hlutabréfum. Gat sóknaraðila því ekki dulist að um sölu hlutabréfa væri að ræða. Verður heldur ekki séð að sóknaraðili hafi haft uppi nokkrar athugasemdir við umrædd viðskipti fyrr en eftir aðalfund **A**, 6. mars 2007 þar sem ákveðið var að greiða út 110% arð.

Þegar umrædd viðskipti áttu sér stað lá hvorki fyrir ársuppgjör **A**, né upplýsingar um hvort eða hve mikill arður yrði greiddur til hluthafa félagsins. Arðgreiðsla er bundin við hluthafa og arður því ekki greiddur til fyrrverandi hluthafa, nema sérstaklega kunni að vera um slíkt samið við sölu hlutabréfa. Við arðgreiðslu lækkar verðmæti hlutafélags að öllu jöfnu og varð sú raunin með **A**, Ekkert er fram komið í málinu sem bendir til þess að tilefni hafi verið til að ráðleggja sóknaraðila að bíða með sölu hluta í félaginu fram yfir aðalfund þess. Verður og að líta til þess að fjárfesting í hlutabréfum, sérstaka í einu félagi, er áhættusöm. Það sem fram er komið í málinu bendir enda til þess að varnaraðili ráðleggi eldra fólki að minnka áhættu sína og fjárfesta í öruggari verðbréfum og falla peningabréf varnaraðila í þann flokk.

Með vísan til framanritaðs verður ekki eins og á stendur talið að ráðgjöf varnaraðila hafi verið áfátt í greint sinn. Verður því að hafna öllum kröfum sóknaraðila á hendur varnaraðila.

**Ú r s k u r ð a r o r ð:**

Kröfum sóknaraðila, **M**, á hendur varnaraðila, fjármálafyrirtækinu **F**, er hafnað.

Reykjavík, 27. ágúst 2007.

---

Guðjón Ólafur Jónsson

---

Einar Páll Tamimi

---

Geir Arnar Marelsson

---

Grétar Grétarsson

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Ár 2007, fimmtudaginn 27. september, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Einar Páll Tamimi, Geir Arnar Marelsson, Grétar Grétarsson, og Hildigunnur Hafsteinsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 5/2007**:

**M**  
**gegn**  
**fjármálafyrirtækinu F**

og kveðinn upp svohljóðandi

**ú r s k u r ð u r:**

**I.**

**Málsmeðferð.**

Málsaðilar eru **M**, hér eftir nefnd sóknaraðili, annars vegar, og fjármálafyrirtækið **F**, Reykjavík, hér eftir nefnt varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefnd 12. apríl 2007 með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 10. sama mánaðar. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 16. apríl 2007, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi hans, dagsettu 16. maí 2007. Bréfið var sent sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 23. maí 2007, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust ekki. Óskað var eftir frekari upplýsingum og gögnum frá varnaraðila með bréfi, dagsettu 21. ágúst 2007. Svör bárust með rafpósti varnaraðila, dagsettum 21. september 2007.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 14. júní, 5. júlí og 27. september 2007.

**II.**

**Málsatvik.**

Sóknaraðili er með **B**, hjá varnaraðila. Hinn 10. október 2006 var tösku með greiðslukorti sóknaraðila stolið þar sem hann var staddur í Rómarborg á Ítalíu. Voru 250 evrur teknar út á kortið í hraðbanka kl. 19.24 þann dag og úttektin staðfest með persónulegu innsláttarnúmeri sóknaraðila. Synjað var um 250 evru úttekt kl. 19.25 og tvær úttektir kl. 19.26, annars vegar að fjárhæð 100 evrur og hins vegar 50 evrur. Var það sakir reglna viðkomandi greiðslukortafyrirtækis um að þrjú tímar þurfi að líða á milli peningaúttekta. Kl. 19.34, 19.35, 19.37 og 19.39 voru sóknaraðila færðar til skuldar fjórar úttektir, hver að fjárhæð 255 evrur, og voru úttektirnar allar staðfestar með persónulegu innsláttarnúmeri sóknaraðila. Um var að ræða úttektir vegna áfyllingar á farsíma í gegnum hraðbanka. **B**, sóknaraðila var lokað að hans beiðni kl. 19.40 og var synjað um skuldfærslu á kortið kl. 19.42. Kl. 19.43 var færð í tölvukerfi greiðslukortafyrirtækisins athugasemd um að greiðslukorti sóknaraðila hefði verið stolið.

Alls voru sóknaraðila færðar til skuldar vegna framangreindra fimm úttekta kr. 111.591. Af gögnum málsins virðist mega ráða að sóknaraðili hafi óskað eftir bakfærslu úttektanna en því verið synjað.

Málið barst úrskurðarnefndinni með kvörtun, dagsettri 10. apríl 2007.

### III.

#### Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að kr. 93.148 verði bakfærðar af greiðslukortareikningi hans hjá varnaraðila.

Sóknaraðili kveður öryggiskerfi A, hafa átt að koma í veg fyrir úttektir af korti hennar eftir að því var stolið. Hafi þjófnaður á tösku, sem greiðslukort sóknaraðila var geymt í, uppgötvast tveimur til þremur mínútum eftir að hann átti sér stað. Sóknaraðili kveðst ekki hafa notað kortið umræddan dag og hafi ekkert verið í töskunni, sem hafi getað gefið vísbendingu um hvert persónulegt innsláttarnúmer hans hafi verið. Komi því ekki annað til greina en að þjófarnir hafi falsað undirskrift sóknaraðila til úttekta af kortinu eða þá að þeir hafi haft yfir einhverjum búnaði eða gögnum að ráða, sem hafi gert þeim kleift að taka út af kortinu án nokkurra gagna af hálfu sóknaraðila.

### IV.

#### Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili vísar til þess að samkvæmt viðskiptaskilmálum A, sem sóknaraðili hafi staðfest að hafa kynnt sér, komi m.a. fram að korthafa sé hvorki heimilt að láta persónulegt innsláttarnúmer sitt öðrum í té né geyma það með korti sínu. Þá sé hann og ábyrgur fyrir varðveislu kortsins þannig að óviðkomandi geti ekki komist yfir það. Loks sé tekið fram að korthafi sé ábyrgur fyrir öllum úttektum sem staðfestar séu með persónulegu innsláttarnúmeri. Óumdeilt sé að persónulegt innsláttarnúmer sóknaraðila var notað til að framkvæma þær færslur, sem um sé að ræða, og beri sóknaraðili því ábyrgð á þeim.

### V.

#### Niðurstaða.

Sóknaraðili sótti um B. hjá varnaraðila í mars 2006. Í umsókninni staðfestir sóknaraðili að hún hafi kynnt sér viðskiptaskilmála A, og samþykki þá að öllu leyti og skuldbindi sig til að nota kort sitt í samræmi við þá. Samkvæmt b-lið 3. gr. viðskiptaskilmálanna skal korthafi rita nafn sitt eigin hendi á sölunótu eða skrá sjálfur sérstakt leynilegt og persónulegt innsláttarnúmer, svokallað pin-númer. Með áritun á sölunótu eða innslætti á persónulegu innsláttarnúmeri samþykkir korthafi þau viðskipti sem tilgreind eru á sölunótu. Sé kortið notað í hraðbönkum eða öðrum sjálfsafgreiðslutækjum kemur persónulegt innsláttarnúmer í stað undirskriftar korthafa á sölunótu, sbr. c-lið 3. gr. Er korthafa hvorki heimilt að láta innsláttarnúmerið öðrum í té né geyma það með kortinu. Í d-lið 3. gr. er tekið fram að korthafi sé ábyrgur fyrir öllum úttektum sem staðfestar séu með persónulegu innsláttarnúmeri. Í g-lið 3. gr. er mælt fyrir um að korthafi sé ábyrgur fyrir varðveislu kortsins þannig að óviðkomandi geti ekki komist yfir það. Beri honum og að gæta þess á sama örugga hátt og peninga, tékka og annarra verðmæta.

Í máli þessu liggur fyrir að korti sóknaraðila var stolið 10. október 2006 og átti fyrsta úttekt, sem sóknaraðili kveður aðra hafa framkvæmt, sér stað kl. 19.24 þann dag. Kortinu var lokað kl. 19.40 eftir að sóknaraðili hafði tilkynnt til viðkomandi kortafyrirtækis að því hefði verið stolið. Frá kl. 19.24 til 19.39 voru framkvæmdar fimm úttektir á kortið, samtals að fjárhæð 1.270 evrur. Voru allar úttektirnar staðfestar með persónulegu innsláttarnúmeri sóknaraðila. Kemur slíkt númer í stað undirskriftar sóknaraðila á sölunótur og þegar um er að ræða úttektir í hraðbönkum eða öðrum sjálfsafgreiðslutækjum. Ber hann því ábyrgð á öllum þeim úttektum sem framkvæmdar eru með þeim hætti. Ekki verður annað ráðið en að korti sóknaraðila hafi þá þegar verið lokað um leið og tilkynning barst um að kort sóknaraðila væri glatað. Með vísan til þessa og að öðru leyti til þess sem að framan er rakið verður ekki hjá því komist að hafna öllum kröfum sóknaraðila á hendur varnaraðila.

### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfum sóknaraðila, **M**, á hendur varnaraðila, fjármálafyrirtækinu **F**, er hafnað.

Reykjavík, 27. september 2007.

---

Guðjón Ólafur Jónsson

---

Einar Páll Tamimi

---

Geir Arnar Marelsson

---

rétar Grétarsson

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Ár 2007, föstudaginn 31. ágúst, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Grétar Grétarsson, Gunnar Viðar og Hildigunnur Hafsteinsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 6/2007**:

**M**  
**og**  
**M**  
**gegn**  
**fjármálafyrirtækinu F**

og kveðinn upp svohljóðandi

## **ú r s k u r ð u r:**

### **I.**

#### **Málsmeðferð.**

Málsaðilar eru **M**, og **M**, hér eftir nefnd sóknaraðilar, annars vegar, og fjármálafyrirtækið **F**, hér eftir nefnt varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefnd 18. júní 2007 með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 12. sama mánaðar. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 19. júní 2007, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi hans, dagsettu 2. júlí 2007. Bréfið var sent sóknaraðilum með bréfi nefndarinnar, dagsettu 4. júlí 2007, og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi, dagsettu 18. júlí 2007.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 27. og 31. ágúst 2007.

### **II.**

#### **Málsatvik.**

Fyrrum sambýlismaður sóknaraðila **M**, fékk við sambúðarslit þeirra bifreiðina **A**, og skyldi samkvæmt samningi þeirra greiða alla skatta og skyldur vegna bifreiðarinnar frá og með 1. mars 2003. Á bifreiðinni var áhvílandi lán frá varnaraðila sem nýr eigandi skyldi yfirtaka. Fyrir fórst að tilkynna eigandaskipti á bifreiðinni og var það ekki gert fyrir en 1. september 2003. Ekki varð af skuldaraskiptum samkvæmt áhvílandi skuldabréfi og var bifreiðin boðin upp 7. maí 2005. Hún hafði hins vegar skemmst í umferðaróhappi og var verðmæti hennar því mun minna en ella, en kr. 223.090 fengust upp í kröfu varnaraðila. Að því frádregnu nam krafa varnaraðila tæpri einni milljón króna.

Lögmaður hafði spurst fyrir um málið fyrir hönd sóknaraðila og óskað eftir því að krafan yrði felld niður á árinu 2004. Annar lögmaður spurðist fyrir um málið hjá varnaraðila með bréfi, dagsettu 15. júlí 2005, og skoraði á varnaraðila að falla frá innheimtu kröfunnar á hendur sóknaraðila með bréfi, dagsettu 15. nóvember 2005.

Sóknaraðilar lentu í frekari greiðsluferfiðleikum af ýmsum ástæðum. Í byrjun árs 2006 reyndu þau að semja um lánaþingreiðslu og skuldbreytingar við þrjár

fjármálastofnanir, m.a. varnaraðila, með aðstoð fjármálaráðgjafa. Varnaraðili bauðst þann 30. janúar 2006 til að skilmálabreyta láni og breyta yfirdráttarláni í skuldabréfalán til átta ára. Sóknaraðilar höfðu sjálf samband við varnaraðila í febrúar 2006 og óskuðu eftir frekari fyrirgreiðslu. Í mars 2006 var varnaraðili enn tilbúinn til skilmálabreytingar og útgáfu nýs láns með 2. veðrétti í fasteign sóknaraðila. Skuldabréfi frá annarri lánastofnun var hins vegar þinglýst á 2. veðrétt og var varnaraðila þá boðinn 3. veðréttur. Það vildi varnaraðili ekki án þess að til kæmu frekari tryggingar. Náðust ekki samningar milli aðila um þessi efni.

Varnaraðili hélt áfram innheimtuaðgerðum á hendur sóknaraðila **M**, vegna vanskila á skuldabréfi því, sem hafði verið áhvílandi á bifreiðinni **A**, Var gert árangurslaust fjárnám hjá sóknaraðila 14. maí 2007 að kröfu varnaraðila. Þá var fasteign sóknaraðila **M**, seld nauðungarsölu 6. júní 2007. Lýsti varnaraðili m.a. kröfu í söluandvirðið að fjárhæð kr. 26.834.364.

### III.

#### Umkvörtunarefni.

Samkvæmt kvörtun málsins er kröfugerð sóknaraðila svofelld vegna bifreiðarinnar **A**: „*Eignahlut [sóknaraðila M.] í samræmi við dóm dags. gengið út frá því að bíllinn hefði verið tekin og seldur á þeim tíma sem samb. var haft v. [varnaraðila] þ.e. júní 2003 -greiddir verði hæstu mögulegir dráttavexti frá þeim tíma til greiðslud. [Varnaraðili] greiði [sóknaraðila M.] v/ lögmanskostn., sem hún greiddi vegna málsins 150.000 kr. Fjárnám afmáð úr þinglýsingarbókum og [sóknaraðili M.] af skuldaskrá. [Sóknaraðili M.] gat m.a. ekki keypt íbúð eftir skilnað í október v/ kröfu [varnaraðila] og fengið fyrirgreiðslur í samræmi við skráningu [varnaraðila] í Lánstrausti. Einnig er farið fram á hæfilegar bætur.*“ Kröfur tengdar fasteign sóknaraðila **M**, voru sagðar fylgja á sérstöku blaði en þær hafa ekki borist nefndinni.

Sóknaraðilar kveða viðskiptahætti varnaraðila hafa verið óeðlilega. Hefði hann þegar átt að bregðast við þegar sóknaraðili **M**, hafði samband við þá þegar áhvílandi skuldabréf á bifreiðinni **A**, hafði verið í vanskilum í tvo mánuði. Hafi varnaraðili sýnt af sér einstakt sinnuleysi þó sýnt hefði verið fram á að fyrrverandi sambýlismaður sóknaraðili hefði verið raunverulegur skuldari að áhvílandi láni. Hafi varnaraðili neitað að ganga að veðinu þegar sóknaraðili **M**, fór fram á það og hafi ekki aðhafst neitt fyrr en bifreiðin hafði orðið fyrir tjóni og búið var að selja flest fémætt úr henni.

Þá telja sóknaraðilar alla vinnu varnaraðila hafa verið seina og ómarkvissa og engar reiður verið hægt að henda á hver útkoman yrði. Hafi varnaraðili tekið hús þeirra en þau sitji uppi með lán við aðra fjármálastofnun, auk þess sem líklega verði gengið að ábyrgðarmönnum. Kveða sóknaraðilar að þeir væru í annarri stöðu ef allar fjármálastofnanirnar þrjár hefðu gengið að samningum með þeim hætti sem fjármálaráðgjafi lagði til. Sóknaraðilar kveðast hafa orðið fyrir kostnaði vegna vinnu lögmanna og fjármálaráðgjafa.

### IV.

#### Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að öllum kröfum sóknaraðila verði vísað frá úrskurðarnefndinni. Vísar varnaraðili til þess að samkvæmt 5. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki sé það skilyrði fyrir meðferð

úrskurðarnefndar að fjármálafyrirtæki hafi hafnað kröfu viðskiptamanns eða ekki hafi tekist að leysa málið með sátt innan fjögurra vikna frá því að viðskiptamaður lagði málið fyrir fjármálafyrirtæki. Hafi sóknaraðili ekki lagt málið formlega fyrir varnaraðila til úrlausnar í samræmi við nefnt ákvæði.

Í annan stað vísar varnaraðili til e-liðar 6. gr. þar sem kveðið sé á um að úrskurðarnefndin fjalli ekki um mál sem séu það óljós, illa upplýst eða kröfur aðila svo óskýrar að þau séu ekki tæk til úrskurðar. Telur varnaraðili kröfugerð sóknaraðila á engan hátt uppfylla þær kröfur sem gerðar séu samkvæmt þessu ákvæði. Sé krafa sóknaraðila vegna bifreiðarinnar **A**, illa reifuð, óljós og ruglingsleg. Þar að auki sé engin krafa gerð vegna húsnæðisláns að **B**.

## V.

### Niðurstaða.

Samkvæmt 5. gr. samþykktar fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, dagsettra 8. júní 2000, er það skilyrði fyrir meðferð máls hjá úrskurðarnefndinni að fjármálafyrirtæki hafi hafnað kröfu viðskiptamanns eða ekki hafi tekist að leysa málið með sátt innan fjögurra vikna frá því að viðskiptamaður lagði málið fyrir fjármálafyrirtæki.

Kvörtun sóknaraðila virðist samkvæmt framansögðu annars vegar beinast að innheimtuaðgerðum varnaraðila á hendur sóknaraðila **M**, vegna áhvílandi skuldabréfs á bifreiðinni **A**, sem hann var útgefandi að, og hins vegar ófullnægjandi lánaþingreiðslu og eftir atvikum innheimtu áhvílandi skuldar á fasteign sóknaraðila **M**, sem nú hefur verið seld nauðungarsölu. Sóknaraðilar hafa ekki sett fram fjárkröfu á hendur varnaraðila vegna ofangreinds. Er því ekki uppfyllt skilyrði nefndrar 5. gr. samþykktar fyrir úrskurðarnefnd við fjármálafyrirtæki um að kröfu viðskiptamanns hafi verið hafnað eða sátt ekki tekist um málið.

Með vísan til framanritaðs verður þegar af greindri ástæðu að vísa máli þessu frá úrskurðarnefndinni. Er þá ekki ástæða til að fjalla frekar um kröfugerð sóknaraðila eða málalíbúnað þeirra að öðru leyti.

### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli sóknaraðila, **M**, og **M**, á hendur varnaraðila, fjármálafyrirtækinu **F**, er vísað frá úrskurðarnefndinni.

Reykjavík, 31. ágúst 2007.

---

Guðjón Ólafur Jónsson

---

ir Arnar Marelsson

---

Grétar Grétarsson

---

Gunnar Viðar

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Ár 2007, fimmtudaginn 11. október, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Grétar Grétarsson, Gunnar Viðar og Hildigunnur Hafsteinsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 7/2007**:

**M**  
**M**  
**og**  
**M**  
**gegn**  
**fjármálafyrirtækinu F**

og kveðinn upp svohljóðandi

## **ú r s k u r ð u r:**

### **I.**

#### **Málsmeðferð.**

Málsaðilar eru M, M, og M, hér eftir nefnd sóknaraðilar, annars vegar, og fjármálafyrirtækið F, hér eftir nefnt varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefnd 22. júní 2007 með kvörtun A, hrl., fyrir hönd sóknaraðila, dagsettri 21. sama mánaðar. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 25. júní 2007, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi B, hdl., dagsettu 23. júlí 2007. Bréfið var sent lögmanni sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 24. júlí 2007, og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi lögmannsins, dagsettu 13. ágúst 2007.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 27. ágúst, 11. september og 11. október 2007.

### **II.**

#### **Málsatvik.**

Sóknaraðili M, er framkvæmdastjóri sóknaraðilans M, og sóknaraðili M, stjórnarformaður. Allt frá árinu 2005 hafa sóknaraðilar M, og M, gert skiptasamninga við varnaraðila. Meðal þeirra eru fjórir samningar um kaup á hlutabréfum í C, sem gerðir voru á tímabilinu frá 21. desember 2005 til 13. mars 2006. Gerði sóknaraðili C, samning við varnaraðila 21. desember 2005 um kaup á bréfum í C, á genginu 18,15 og sóknaraðili M, þrjá samninga við varnaraðila um kaup á bréfum í sama hlutafélagi, einn 15. febrúar 2006 á genginu 26,40 og tvo 13. mars 2006 á genginu 24,20. Samningarnir fjórir voru allir með sex mánaða gildistíma með fyrirfram ákveðnum lokadegi, sem er umsaminn uppgjörsdagur viðskiptanna, nema samningnum hafi verið lokað fyrir.

Hinn 4. apríl 2006 var samningunum lokað. Seldi sóknaraðili M, varnaraðila hluti í C, að nafnvirði kr. 8.194.750 á genginu 19,0 og sóknaraðili M, ehf. hluti að nafnvirði



kr. 3.000.000 á sama gengi. Daginn eftir, kl. 08.45, birtist tilkynning á vefsíðu Kauphallar Íslands um að C, hefði selt 16,9% hlut sinn í tilteknu erlendu félagi og innleyst kr. 13.000.000.000 hagnað. Kl. 08.45 sama dag var tilkynnt að C, hefði keypt eigin bréf að nafnvirði kr. 38.200.000 á genginu 19,33. Kom fram í tilkynningunni að viðskiptin hefðu átt sér stað sama dag og sóknaraðilar seldu bréf sín, þ.e. hinn 4. apríl 2006.

Sóknaraðili M, óskaði eftir því hinn 6. apríl 2006 að varnaraðili gæfi upp hver kaupandi hluta hans hefði verið. Var því hafnað af hálfu varnaraðila 7. apríl 2006. Erindið var ítrekað með bréfi þáverandi lögmanns sóknaraðila, dagsettu 10. apríl 2006. Ekki verður ráðið af gögnum málsins að því hafi verið svarað.

Málið barst úrskurðarnefndinni með kvörtun, dagsettri 21. júní 2007.

### III.

#### Umkvörtunarefni.

Í kvörtun sóknaraðila eru kröfur þeirra settar fram með eftirfarandi hætti:

*„Reynist grunur [sóknaraðila] á rökum reistur og [varnaraðili] hafi verið grandsamur um að innherjaupplýsingar hafi legið að baki þeim viðskiptum sem [sóknaraðilar] stofnuðu til þann 4. apríl 2006, ger[a] [sóknaraðilar] þá kröfu að viðskiptin gangi tilbaka (sic), þ.e. að sala [sóknaraðila] til þess aðila sem nýtti innherjaupplýsingar með ólögðum hætti, fyrir milligöngu [varnaraðila], gangi tilbaka (sic).*

*Telji [varnaraðili] að grunur [sóknaraðila] sé ekki á rökum reistur er þess krafist að [varnaraðili] sýni fram á eða staðfesti að kaupandi bréfanna, sem [sóknaraðilar] seld[u] þann 4. apríl 2006, hafi verið annar en C, eða aðili tengdur félaginu.“*

Sóknaraðilar kveður varnaraðila hafa haft samband við sóknaraðila M, og tjáð honum að varnaraðili hefði kaupanda að hlutum sóknaraðila í C, Hafi þeir fallist á að selja hluti sína að nafnvirði kr. 11.194.750 á genginu 19,00, en þetta hafi gerst eftir kl. 16.00 hinn 4. apríl 2006. Telja sóknaraðilar ástæðu þess að þeir hafi verið hvattir til að selja hluti sína hafi verið innherjaupplýsingar, sem væntanlegur kaupandi bréfanna hafi búið yfir og ætlað að nýta sér með ólögðum hætti. Ef satt reyndist, væri um ólögð mæta háttsemi að ræða sem valdið hefði sóknaraðila verulegu tjóni. Kveða sóknaraðilar ennfremur ástæðu til að ætla að varnaraðili hafi verið kunnugt um að innherjaupplýsingar hafi legið að baki viðskiptunum og kunni af þeim sökum að eiga hlutdeild í því broti sem sóknaraðilar telja hafa verið framið.

Sóknaraðilar benda á að öflun sönnunargagna sé verulegum annmörkum háð fyrir þá þar sem leynd hvíli yfir viðskiptunum og þeir hafi ekki fengið aðgang að gögnum málsins. Telja sóknaraðilar þó að þeir hafi sýnt fram á með yfirgnæfandi líkum að ólögð mætt háttsemi hafi átt sér stað. Beri varnaraðili sökum þess sönnunarbyrði fyrir því að svo hafi ekki verið.

### IV.

#### Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess aðallega að öllum kröfum sóknaraðila verði vísað frá úrskurðarnefndinni, en til vara að þeim verði hafnað.

Aðalkröfu sína styður varnaraðili þeim rökum að samkvæmt 6. gr. samþykktar fyrir úrskurðarnefndina fjalli hún ekki um ágreining, sem lögum samkvæmt heyri undir stjórnvöld, en samkvæmt 1. mgr. 68. gr. laga nr. 33, 2003 um verðbréfavíðskipti hafi

Fjármálaeftirlitið eftirlit með framkvæmd laganna, þ.á m. um innherjasvik. Þá vísar varnaraðili til þess að samkvæmt a-lið 3. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefndina sé nefndinni eingöngu ætlað að skera úr réttarágreiningu milli fjármálafyrirtækis og viðskiptamanns. Kvörtun sóknaraðila lúti hins vegar að því hvort þriðji aðili hafi gerst sekur um innherjasvik. Sé umkvörtunarefnið því utan starfssviðs úrskurðarnefndarinnar.

Áhrærandi varakröfu sína vísar varnaraðili til þess að viðskipti hans og sóknaraðila hafi öll verið með fullkomlega eðlilegum og venjubundnum hætti. Bendir varnaraðili á að sóknaraðili **M**, hafi gert 19 skiptasamninga við varnaraðila á árinu 2005 og 17 á árinu 2006 og hafi samanlögð velta þeirra numið um kr. 800.000.000. Af þessum samningum hafi átta verið um bréf í **C**, þá hafi sóknaraðili **M**, ennfremur í nafni sóknaraðila **M**, keypt bréf í ýmsum innlendum og erlendum félögum. Hafi hann ákveðið að losa sig við megnið af bréfunum þegar halla fór undan fæti á verðbréfamarkaði vorið 2006.

Varnaraðili kveður þeim fjórum samningum, sem um sé deilt í málinu, öllum hafa verið lokað með samþykki sóknaraðila **M**, Hafi hann metið það svo að markaðurinn væri á niðurleið. Bendir varnaraðili á að skiptasamningar séu áhættusöm viðskipti og geti hann ekki borið ábyrgð á því að bréf í **C**, hafi hækkað daginn eftir að samningum sóknaraðila við varnaraðila var lokað. Sé engin heimild til þess að láta nefnd hlutabréfaviðskipti ganga til baka.

Þá bendir varnaraðili á að honum hefði verið heimilt að loka nefndum samningum einhliða og selja bréfin í **C**, án samþykkis sóknaraðila með vísan til handveðsyfirlýsingar, sem sóknaraðilar hafi samþykkt. Sé þar mælt fyrir um að verðmæti tryggingar megi ekki vera minna en 110% af heildarvirði skuldar, en verðmæti tryggingar sóknaraðila **M**, hafi verið komin niður í 102% þegar hann seldi bréfin í **C**, Hafi lokunarheimild því verið fyrir hendi.

## V.

### Niðurstaða.

Hinn 4. apríl 2006 voru gerðir upp fjórir skiptasamningar, sem gerðir höfðu verið við varnaraðila á tímabilinu frá 21. desember 2005 til og með 13. mars 2006. Var sóknaraðili **M**, viðsemjandi varnaraðila í þremur tilvikum en varnaraðili **M**, í einu. Af því leiðir að sóknaraðili **M**, var ekki persónulega viðsemjandi varnaraðila í neinu tilviki og því ekki viðskiptamaður varnaraðila í skilningi 3. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, dagsettra 8. júní 2000. Verður því þá þegar að vísa kröfum hans frá úrskurðarnefndinni.

Kröfur sóknaraðila, sem njóta aðstoðar lögmanns við málarekstur sinn, eru ekki svo skýrar sem kostur væri. Þær þykir þó mega skýra svo að gerð sé krafa um að viðskipti aðila frá 4. apríl 2006, þ.e. að lokun og uppgjör þriggja skiptasamninga sóknaraðila **M**, og uppgjör eins skiptasamnings sóknaraðila **M**, við varnaraðila, verði ógilt. Verður þá horft framhjá því að krafan er ekki skilyrðislaus þar sem hún er bundin þeirri forsendu að í ljós komi að varnaraðili hafi verið grandsamur um meintar innherjaupplýsingar, sem eigi að hafa legið til grundvallar því að gengið var til uppgjörs við sóknaraðila **M**, og **M**.

Kröfu sóknaraðila um að varnaraðili sýni fram á eða staðfesti að kaupandi hluta í **C**, sem sóknaraðilar seldu þann 4. apríl 2006, hafi verið annar en **C**, eða aðili tengdur félaginu verður ekki metin til fjár, sbr. b-lið 6. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um

viðskipti við fjármálafyrirtæki, dagsettra 8. júní 2000. Verður henni því vísað frá úrskurðarnefndinni.

Rétt þykir að taka fram að við uppgjör aðila voru sóknaraðilar að gera upp lán sem þeir höfðu fengið frá varnaraðila á móti hlutum í C, sem taldist eign sóknaraðila. Viðsemjandi sóknaraðila var því varnaraðili og lúta uppgjör frá 4. apríl 2006 að skiptasamningum þeirra á milli. Var því ekki um að ræða að varnaraðili hefði milligöngu um sölu hluta sóknaraðila í C, til þriðja manns, eins og greinir í kvörtun, heldur var hann sjálfur seljandi hlutanna. Er sóknaraðilum óviðkomandi með hvaða hætti varnaraðili ráðstafaði hlutunum í C, eftir að þeir voru komnir í eigu varnaraðila. Hvort heldur varnaraðili var sjálfur seljandi bréfanna eða hefði verið milligöngumaður um sölu þeirra var honum eftir sem áður óheimilt að greina sóknaraðilum frá nafni kaupenda bréfanna, sbr. 1. mgr. 58. gr. laga nr. 161, 2002 um fjármálafyrirtæki.

Engar efnislegar athugasemdir hafa verið gerðar við uppgjör á nefndum skiptasamningum sóknaraðila M, og M, við varnaraðila og verður á engan hátt ráðið af gögnum málsins að varnaraðili hafi staðið þar að með ólögumætum hætti. Með vísan til þess og þess sem fyrr er rakið verður ekki hjá því komist að hafna öðrum kröfum sóknaraðila M, og M, á hendur varnaraðila.

### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfum sóknaraðila M, á hendur varnaraðila, fjármálafyrirtækinu F, er vísað frá úrskurðarnefndinni.

Kröfu sóknaraðila M, og M, um að varnaraðili sýni fram á eða staðfesti að kaupandi hluta í C, sem sóknaraðilar seldu þann 4. apríl 2006, hafi verið annar en C, eða aðili tengdur félaginu, er vísað frá úrskurðarnefndinni.

Öðrum kröfum sóknaraðila M, og M, á hendur varnaraðila er hafnað.

Reykjavík, 11. október 2007.

---

Guðjón Ólafur Jónsson

---

Geir Arnar Marelsson

---

Grétar Grétarsson

---

Gunnar Viðar

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Ár 2007, fimmtudaginn 25. október, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Grétar Grétarsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir og Jóhann Tómas Sigurðsson.

Fyrir er tekið **mál nr. 8/2007**:

**M**  
**gegn**  
**fjármálafyrirtækinu F**

og kveðinn upp svohljóðandi

**ú r s k u r ð u r:**

**I.**

**Málsmeðferð.**

Málsaðilar eru **M**, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar, og fjármálafyrirtækið **F**, hér eftir nefnt varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefnd 2. ágúst 2007 með kvörtun sóknaraðila, dagsettri sama dag. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 2. ágúst 2007, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi **A**, hdl., dagsettu 30. ágúst 2007. Var það sent sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 3. september 2007, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi sóknaraðila, dagsettu 10. september 2007.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 27. september, 18. og 25. október 2007.

**II.**

**Málsatvik.**

Í júní 2007 efndi **B**, til hlutfjárútbóðs og bauð eigandi og seljandi hlutfjárins, **C**, 6.000.000 hluti í bankanum að nafnvirði 20 danskar krónur. Hafði **D**, umsjón með hlutfjárútbóðinu hér á landi í umboði seljanda. Sóknaraðili óskaði eftir milligöngu varnaraðila um gerð tilboðs í kaup á hlutum fyrir allt að 2.000.000 danskar krónur, auk þess sem eiginkona hans og þrjú börn voru hvert fyrir sig skráð fyrir sams konar tilboði. Varnaraðili gerði hins vegar ekki tilboð fyrir hönd hvers þeirra um sig, heldur gerði í eigin nafni tilboð fyrir hönd sóknaraðila og annarra viðskiptamanna sinna. Var markaðsviðskiptadeild varnaraðila skráð fyrir 4.000.000.000 íslenskra króna fyrir hönd 75 viðskiptavina, þ.á m. sóknaraðila, og eignastýringardeild varnaraðila fyrir 100.000.000 íslenskra króna fyrir 100 viðskiptavini í eignastýringu.

Eftirspurn reyndist langt umfram framboð og var hlutum því deilt niður á þá, sem gert höfðu tilboð í samræmi við ákvæði útboðslýsingar. Fékk varnaraðili úthlutað 12.000.000 íslenskra króna að markaðsverðmæti fyrir hvorn hóp viðskiptavina sinna. Var hlut markaðsviðskiptadeildar skipt jafnt niður á þá 75 viðskiptavini sem óskað höfðu eftir

Því að skrá sig fyrir hlut. Eignastýringardeild varnaraðila deildi sínum hlut út í þeim hlutföllum sem viðskiptavinir höfðu skráð sig fyrir.

Sóknaraðili, kona hans og þrjú börn fengu hvert um sig 60 hluti til kaups en telja sig hafa átt að fá 271 hlut hvert, ef tilboð hefði verið gert í nafni hvers og eins. Var kvittun fyrir kaup á öllum hlutunum gefin út af varnaraðila til sóknaraðila 26. júní 2007. Sóknaraðili kveðst hafa kvartað yfir þessu við varnaraðila í byrjun júlí 2007. Málið barst úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 2. ágúst 2007.

### III.

#### Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili gerir þá kröfu að varnaraðila verði gert að afhenda honum 1.055 hluti í **B**.

Sóknaraðili kveðst hafa óskað eftir að gert yrði tilboð fyrir hönd allra í fjölskyldunni sem einstaklinga að fjárhæð 2.000.000 danskar krónur fyrir hvern og einn. Varnaraðili hafi hins vegar afgreitt fjölskylduna sem stórfjárfesti og þar með brotið útboðsreglur. Hafi sóknaraðili og aðrir í fjölskyldunni því ekki fengið að kaupa nema 60 hluti hver og einn í staðinn fyrir 271 hlut. Skuldi varnaraðili fjölskyldunni því alls 1.055 hluti í **B**.

### IV.

#### Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili telur að sóknaraðili eigi að beina kvörtun sinni að **D**, sem hafi séð um framkvæmd og skipulag hlutafjárútboðs **B**, hér á landi og skýringar útboðsskilmála. Varnaraðili kveður útboðsyfirlýsingu hafa verið óljósa. Hafi hann því sett sig í samband við **D**, og fengið þær ráðleggingar að gera tilboð í eigin nafni fyrir hönd viðskiptavina sinna í stað þess að gera tilboð fyrir hvern og einn einstakling. Sé slíkt og almennt tíðkað við útboð hlutafjár á íslenskum fjármálamarkaði.

Varnaraðili segir önnur fjármálafyrirtæki hafa haft sama hátt á við skráningu tilboða í greint sinn eftir ráðleggingum **D**, þyki og óeðlilegt út frá samkeppnissjónarmiðum að senda nákvæman lista yfir viðskiptavinum fjármálafyrirtækis til samkeppnisaðila, sem standi að útboði verðbréfa. Hafi af þeim sökum skapast ákveðnar vinnuáðferðir í þessum efnum, sem áður er lýst.

Varnaraðili kveðst hafa mótmælt því við **D**, að ráðgjöf félagsins hafi leitt til þess að einstaklingar, sem voru í viðskiptum við varnaraðila, hafi fengið minni hlut, en þeir sem skráðu sig undir eigin kennitölu hjá **D**, þá hafi heldur ekki verið hægt að skrá sig fyrir hlutum á vef **D**, nema hafa vs-reikning hjá bankanum. Sé þetta óvenjulegt skilyrði og hindrandi fyrir viðskiptavinum annarra fjármálafyrirtækja.

### V.

#### Niðurstaða.

Ágreiningur í máli þessu snýst um skerðingu vegna umfram spurnar eftir hlutum í hlutafjárútboði **B**. Í útboðslýsingu var gerður sérstakur greinarmunur á því hvort menn gerðu tilboð að fjárhæð 2.000.000 danskar krónur eða minna annars vegar eða hins vegar hærri fjárhæð. Kemur þar fram að þeir sem hyggist skrá sig fyrir hlutum fyrir 2.000.000 danskra króna eða minna skuli fylla út þar til gert eyðublað á vefsíðu **D**, Aðrar reglur

giltu um þá sem óskuðu að kaupa hluti umfram þá fjárhæð. Samkvæmt lýsingunni giltu mismunandi reglur um skerðingu til tilboðsgjafa eftir því hvort þeir hefðu gert tilboð fyrir 2.000.000 danskar krónur eða minna annars vegar eða fyrir hærri fjárhæð hins vegar. Skerðingin skyldi vera hlutfallsleg í fyrnefnda tilvikinu. Í síðara tilvikinu var ráðstöfun til einstakra tilboðsgjafa háð ákvörðun umsjónaraðila skráningarinnar að höfðu samráði við seljanda. Sérstakt tillit mátti þá taka til færeyskra fjárfesta.

Samkvæmt frétt **B**, um niðurstöðu hlutafjárútboðs, sem birtist á heimasíðu **E**, var mikil umfram spurn eftir hlutum í félaginu. Var kaupverðið því ákveðið 189 danskar krónur á hlut. Þá kom fram að ákveðið hefði verið að tilboð um kaup á 60 hlutum eða minna hefðu verið samþykkt óskert og skyldu tilboðsgjafar þá greiða 11.340 danskar krónur fyrir 60 hluti. Beiðnir um kaup á fleiri hlutum en 60 voru afgreiddar þannig að hver tilboðsgjafi mátti kaupa 60 hluti, auk 2% af þeim hlutum sem hann hafði óskað eftir umfram 60 hluti, námundað upp í næstu heilu tölu.

Sóknaraðili leitaði sérstaklega liðsinnis varnaraðila við að gera tilboð í hluti **B**, Kemur skýrlega fram í símtali hans við starfsmann varnaraðila, sem úrskurðarnefndin hefur hlustað á, að hann óski eftir að skrá sig, konu sína og þrjú börn hvert fyrir sig fyrir hlutum að fjárhæð kr. 2.000.000. Varnaraðili, sem er sérhæft verðbréfafyrirtæki, tók að sér að skrá sóknaraðila fyrir hlutum í nefndu félagi. Mátti sóknaraðili treysta því að varnaraðili myndi sinna því verkefni í samræmi við útboðslýsingu og fylla út þar til gert eyðublað fyrir hann. Mátti varnaraðila og vera ljóst að samkvæmt útboðslýsingu yrði skerðing vegna hugsanlegrar umfram spurnar eftir hlutum mismunandi eftir því hvort tilboðsgjafar hefðu skráð sig fyrir hlutum að fjárhæð 2.000.000 danskar krónur eða minna annars vegar eða hærri fjárhæð hins vegar. Varnaraðili verður því að bera ábyrgð gagnvart sóknaraðila á þeirri ákvörðun sinni að gera tilboð í einu lagi fyrir sóknaraðila og fjölmarga aðra viðskiptavini sína. Breytir þá engu hverja ráðgjöf varnaraðili kann að hafa fengið frá umsjónaraðila útboðsins hér á landi.

Samkvæmt framansögðu ber að gera sóknaraðila eins settan og ef hann hefði verið skráður fyrir tilboði að fjárhæð 2.000.000 danskar krónur. Ágreiningslaust er að sóknaraðili gat einungis keypt 60 hluti í nefndu félagi fyrir 189 danskar krónur hvern hlut eða samtals 11.340 danskar krónur. Eins og fyrr er rakið óskaði sóknaraðili eftir því að kaupa hluti fyrir 2.000.000 danskar krónur í nefndu félagi eða sem svarar 10.582 hlutum miðað við 189 danskar krónur á hvern hlut. Ef rétt hefði verið staðið að málum hjá varnaraðila, hefði sóknaraðili í samræmi við niðurstöðu hlutafjárútboðsins því átt að geta keypt 2% af þeim hlutum sem voru umfram 60, þ.e. 2% af 10.522 hlutum, eða sem svarar 211 hlutum þegar hækkað hefur verið upp í næstu heilu tölu.

Í málinu liggur fyrir kvittun varnaraðila, dagsett 26. júní 2007, fyrir kaupum sóknaraðila á 300 hlutum í **B**, sem svarar til þeirra hluta, sem honum, konu hans og þremur börnum þeirra var gefinn kostur á að kaupa í hlutafjárútboðinu. eru viðskiptin gerð upp í einu lagi í nafni sóknaraðila. Á framangreint því við einnig við um hluti, sem aðrir í fjölskyldu sóknaraðila voru skráðir fyrir.

Með vísan til alls þess sem að framan er rakið er það niðurstaða máls þessa að varnaraðila sé skylt að afhenda sóknaraðila 1.055 (5 x 211) hluti að nafnverði 20 danskar krónur í **B**, gegn greiðslu á 189 dönskum krónum fyrir hvern hlut eða samtals 199.395 (5 x 39.879) dönskum krónum.

## Ú r s k u r ð a r o r ð:

Varnaraðila, fjármálafyrirtækinu **F**, er skylt að afhenda sóknaraðila, **M**, 1.055 hluti að nafnverði 20 danskar krónur í **B**, gegn greiðslu á 199.395 dönskum krónum.

Reykjavík, 25. október 2007.

---

Guðjón Ólafur Jónsson

---

Geir Arnar Marelsson

---

Grétar Grétarsson

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

---

Jóhann Tómas Sigurðsson

Ár 2007, fimmtudaginn 25. október, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Grétar Grétarsson, Gunnar Viðar og Hildigunnur Hafsteinsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 9/2007**:

**M**  
**gegn**  
**fjármálafyrirtækinu F**

og kveðinn upp svohljóðandi

**ú r s k u r ð u r:**

**I.**

**Málsmeðferð.**

Málsaðilar eru **M**, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar, og fjármálafyrirtækið **F**, hér eftir nefnt varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefnd 13. ágúst 2007 með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 2. sama mánaðar. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 13. ágúst 2007, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi hans, dagsettu 17. september 2007. Var það sent sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 19. september 2007, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi sóknaraðila, dagsettu 12. október 2007.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 18. og 25. október 2007.

**II.**

**Málsatvik.**

Sóknaraðili hóf búskap í **A**, árið 1973 og stundaði þar einkum alifuglarækt og eggjaframleiðslu. Átti hann jörðina ásamt móður sinni og sjö systkinum. Skömmu eftir síðustu aldamót stóðu yfir samningaviðræður milli sóknaraðila og systkina hans um að hann keypti hlut þeirra í jörðinni, en ekki varð af samkomulagi. Vanskil urðu á áhvilandi lánnum og var jörðin seld á uppboði í ágúst 2002 og aftur 22. september 2003. Var hún í síðarnefnda skiptið slegin **B**, sem var í eigu systkina sóknaraðila. Gerði sóknaraðili tilraunir til að kaupa jörðina af félaginu en varð ekki ágengt. **B**, komst í ágúst 2004 í eigu mágs sóknaraðila annars vegar og útibússtjóra varnaraðila á **C**, hins vegar. Varnaraðili synjaði sóknaraðila um lánaþingreiðslu til kaupna á jörðinni í desember 2003 og aftur í desember 2004. Óskaði sóknaraðili þá aðstoðar stjórnar varnaraðila við að eignast jörðina með bréfi, dagsettu 27. desember 2004. Ekki verður séð af gögnum málsins að því erindi hafi verið svarað. Sóknaraðili var borinn út af jörðinni að beiðni **B**, og hefur átt í málaferlum við félagið vegna þess.

Sóknaraðili kærði afgreiðslu varnaraðila og afskipti nefnds útibússtjóra í kaupum á jörðinni **A**, til Fjármálaeftirlitsins með bréfi, dagsettu 13. október 2006. Mun stofnunin



hafa ráðlagt sóknaraðila að leita til úrskurðarnefndarinnar. Málið barst úrskurðarnefndinni 13. ágúst 2007 með kvörtun, dagsettri 2. ágúst 2007.

### III.

#### Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili kveðst gera svofelldar kröfur fyrir úrskurðarnefndinni:

„*A. Viðurkenningar á bótaskyldu [varnaraðila] vegna afgreiðslu [varnaraðila] á beiðni [sóknaraðila] um fyrirgreiðslu til kaupa á jörðinni A, í júní 2004 og afskipta og þátttöku [nafngreinds] útibússtjóra í kaupum á sömu jörð.*

*B. Þá krefst [sóknaraðili] bóta að fjárhæð kr. 10.578.752,-, auk dráttarvaxta frá 5. september 2006 til greiðsludags.*

*C. Einnig krefst [sóknaraðili] greiðslu bóta að fjárhæð kr. 800.000.000,-.“*

Sóknaraðili styður kröfur sínar þeim rökum að útibússtjóri varnaraðila á C, hafi komið í veg fyrir að hann fengi fyrirgreiðslu hjá varnaraðila til kaupa á jörðinni A, Hafi útibússtjórinn síðan sjálfur gengið inn í sömu viðskipti ásamt félaga sínum og hafi varnaraðili fjármagnað kaupin. Hafi aðkoma útibússtjórans verið óeðlileg og falið í sér brot gegn VII. kafla laga nr. 161, 2002 um fjármálafyrirtæki, einkum 56.-58. gr. Beri varnaraðili bótaábyrgð á greindum starfsmanni sínum.

Sóknaraðili krefst annars vegar bóta vegna útlagðs kostnaðar, kr. 10.578.752. Sundurliðast sú fjárhæð í lögfræðikostnað, kr. 3.378.752, og greiðslu til B, ehf., kr. 7.200.000. Hins vegar krefst sóknaraðili bóta fyrir annað tjón, sem hann kveður nema núverandi verðmæti jarðarinnar. Krefst hann kr. 800.000.000 vegna þessa.

### IV.

#### Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess aðallega að öllum kröfum sóknaraðila verði vísað frá úrskurðarnefndinni, en til vara að þeim verði hafnað.

Áhrærandi aðalkröfu sína vísar varnaraðili til þess að málatilbúnaður sóknaraðila sé ruglingslegur og hafi engin gögn verið lögð fram sem styðji fullyrðingar hans um ólögsmæta aðkomu varnaraðila að ákvörðunum um að hafna lánveitingum til sóknaraðila. Þá kveður varnaraðili skaðabótakröfu sóknaraðila með öllu vanreifaða og tilvísanir til lagaákvæða án tenginga við málið. Vísar varnaraðili máli sínu til stuðnings til b- og e-liðar 6. gr. og 7. gr. samþykta fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Loks telur varnaraðili að skilyrði 5. gr. nefndra samþykta fyrir því að nefndin taki málið til afgreiðslu ekki vera uppfyllt þar sem skaðabótakrafa sóknaraðila hafi ekki verið höfð uppi við varnaraðila.

Varnaraðili kveður tvö lánaerindi hafa borist frá sóknaraðila á þeim tíma sem sé til umfjöllunar og hafi hafi þau bæði borist í gegnum útibú varnaraðila í D, þar sem sóknaraðili hafi verið í viðskiptum. Hafi útibússtjóri varnaraðila á C, ekkert haft með viðskipti sóknaraðila hjá varnaraðila að gera og ekki komið nálægt ákvörðunum um viðskipti sóknaraðila. Hafi það verið lánanefnd fyrirtækjasviðs varnaraðila sem hafnaði beiðnum sóknaraðila um lán þann 30. desember 2003 og aftur 23. desember 2004. Ástæður þess hafi m.a. verið þær að ekki hafi átt að leggja fram neitt eigið fé, veðhlutfall hafi verið talið of hátt og rekstur gengið illa, auk þess sem varnaraðili hafi verið stór lánardrottinn í alifuglarækt. Hafi ekkert óvenjulegt eða óeðlilegt ráðið niðurstöðum varnaraðila um að hafna lánsbeiðnum sóknaraðila.

**V.****Niðurstaða.**

Í máli þessu krefst sóknaraðili annars vegar viðurkenningar á bótaskyldu varnaraðila vegna synjunar á lánveitingu til sóknaraðila til kaupa á tiltekinni jörð í E, og þátttöku útibússtjóra varnaraðila í kaupum á jörðinni. Hins vegar krefst hann skaðabóta að fjárhæð kr. 810.578.752, auk dráttarvaxta af kr. 10.578.752 frá 5. september 2006 til greiðsludags. Krafa sóknaraðila um tilgreindar skaðabætur byggir á þeirri málsástæðu að varnaraðili hafi bakað sér bótaskyldu með aðgerðum sínum eða athafnaleyssi. Yrði fallist á skaðabótakröfu sóknaraðila myndi sú niðurstaða byggjast á því að varnaraðili hefði bakað sér slíka bótaskyldu. Viðurkenningarkrafa sóknaraðila er því hluti málsástæðum hans til stuðnings fjárkröfu sinni.

Samkvæmt 5. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, dagsettra 8. júní 2000, er það skilyrði fyrir meðferð úrskurðarnefndarinnar að fjármálafyrirtæki hafi hafnað kröfu viðskiptamanns eða ekki hafi tekist að leysa málið með sátt innan fjögurra vikna frá því að viðskiptamaður lagði málið fyrir fjármálafyrirtæki. Sóknaraðili hefur ekki beint fyrrgreindum fjárkröfum að varnaraðila. Verður því þegar af þessari ástæðu að vísa máli þessu frá úrskurðarnefndinni.

**Ú r s k u r ð a r o r ð:**

Máli sóknaraðila, **M**, á hendur varnaraðila, fjármálafyrirtækinu **F**, er vísað frá úrskurðarnefndinni.

Reykjavík, 25. október 2007.

---

Guðjón Ólafur Jónsson

---

Geir Arnar Marelsson

---

Grétar Grétarsson

---

Gunnar Viðar

---

Hildígunnur Hafsteinsdóttir

Ár 2007, fimmtudaginn 1. nóvember, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Grétar Grétarsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir og Jóhann Tómas Sigurðsson.

Fyrir er tekið **mál nr. 10/2007**:

**M**  
**gegn**  
**fjármálafyrirtækinu F**

og kveðinn upp svohljóðandi

**ú r s k u r ð u r :**

**I.**

**Málsmeðferð.**

Málsaðilar eru **M**, hér eftir nefnt sóknaraðili, annars vegar, og fjármálafyrirtækið **F**, hér eftir nefnt varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefnd 24. ágúst 2007 með kvörtun **A**, hrl., fyrir hönd sóknaraðila, dagsettri 17. ágúst 2007. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 24. ágúst 2007, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi hans, dagsettu 21. september 2007. Var það sent lögmanni sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 26. september 2007, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi lögmanns sóknaraðila, dagsettu 22. október 2007.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 25. október og 1. nóvember 2007.

**II.**

**Málsatvik.**

Hinn 8. desember 2006 gerði sóknaraðili samning við **B**, í Danmörku um kaup á öllum hlutum í sænsku félögunum **C**, og **D**, en hið síðarnefnda var eigandi allra hluta í finnska félaginu **E**. Var samningur aðila og önnur skjöl honum tengdum á ensku. Áður en til kaupsamnings kom hafði varnaraðili hinn 28. nóvember 2006 gert óskuldbindandi tilboð í nefnda hluti fyrir hönd sóknaraðila. Hinn 11. desember 2006 lagði sóknaraðili fram bankatryggingu frá varnaraðila til tryggingar efnudum af sinni hálfu.

Bráðabirgðakaupverð hafði miðast við að heildarvirði félaganna væri 30.000.000 sænskar krónur, vaxtaberandi skuldir 12.513.000 sænskar krónur og kaupverð hluta 16.371.000 sænskar krónur. Í samningi aðila voru síðan nánari ákvæði um endanlegt uppgjör kaupverðs og breytingar á því, en lokauppgjör skyldi fara fram eigi síðar en 8. janúar 2007.

Hinn 20. desember 2006, eða 12 dögum eftir gerð samnings sóknaraðila við **B**, gerðu sóknaraðili og varnaraðili með sér samning „*um ráðgjöf vegna mögulegrar fjárfestingar*“. Kom þar fram að sóknaraðili hefði hug á að efla starfsemi sína með kaupum á þeim tveimur sænsku félögum, sem áður voru nefnd. Voru félögin í samningnum nefnd saman „**G**“ upp á enska tungu, en „**H**“ þegar rætt var um annað hvort

þeirra. Að öðru leyti var samningur aðila á íslensku. Samkvæmt samningnum tók varnaraðili að sér að greina og verðmæta „G“, ræða við og kanna vilja eigenda þeirra til sölu, útbúa kynningar og veita ráðgjöf í viðræðum við „G“ og seljendur þeirra og veita ráðgjöf varðandi fjármögnun hugsanlegra kaupa á „G“. Þá skyldi varnaraðili hafa yfirumsjón með gerð kauptilboða, endanlegra kaupsamninga og annarra þeirra löggerninga sem þörf kynni að vera á vegna hugsanlegra kaupa. Umsamin þóknun skyldi vera 7% af heildarverði hvors „H“ um sig, auk útlagðs kostnaðar. Í samningi aðila var kveðið á um það að varnaraðili bæri enga bótaábyrgð á husanlegu tjóni sóknaraðila nema að því leyti, sem kynni að leiða af vanefndum, sem rekja mætti til stórfellds gáleysis eða ásetnings af hálfu varnaraðila.

Endanlegt kaupverð í ofangreindum viðskiptum sóknaraðila við B, varð 32.854.175 sænskar krónur og mun það hafa verið millifært af reikningum sóknaraðila og tengdra aðila til eigenda í byrjun janúar 2007. Sóknaraðili spurðist fyrir rafleiðis 15. febrúar 2007 um hækkun kaupverðs og var svarað með rafpósti skömmu síðar. Aðilar funduðu um málið 22. febrúar 2007 og með bréfi lögmanns sóknaraðila til varnaraðila, dagsettu 6. mars 2007, voru lagðar fram fimm spurningar til varnaraðila áhærandi uppgjör á nefndum viðskiptum og hækkun kaupverðs. Varnaraðili svaraði erindinu með bréfi, dagsettu 21. mars 2007. Með bréfi lögmanns sóknaraðila til varnaraðila, dagsettu 14. maí 2007, var enn óskað eftir útskýringum varnaraðila á hækkun kaupverðs og ýmsar athugasemdir gerðar við ráðgjöf varnaraðila. Erindinu var ekki svarað.

Málið barst úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki 24. ágúst 2007 með kvörtun, dagsettri 17. ágúst 2007.

### III.

#### Umkvörtunarefni.

Í kvörtun er kröfugerð sóknaraðila sett fram með eftirfarandi hætti:

*„Þess er krafist f.h. [sóknaraðila] að [úrskurðarnefndin] kanni það hvort að ráðgjöf og önnur þjónusta [varnaraðila] sem veitt var [sóknaraðila] hafi verið með eðlilegum hætti eða hvort hún var til þess fallin að baka [sóknaraðila] tjón.*

*Þá er þess krafist að [úrskurðarnefndin] kanni einnig framgöngu [varnaraðila] í kjölfar kaupanna, þ.e. útskýringar [hans] og neitun að aðhafast nokkuð til að aðstoða [sóknaraðila] við að takmarka tjón sitt og leiðrétta stöðu [sóknaraðila].*

*Þá er þess að lokum krafist að komist [úrskurðarnefndin] að þeirri niðurstöðu að [varnaraðili] hafi brotið gegn starfsskyldum sínum og bakað [sóknaraðila] tjón, að [varnaraðila] verði gert að greiða [sóknaraðila] skaðabætur sem tjóninu nemur, þ.e. mismunur (sic) þess kaupverðs sem samið var um og þess kaupverðs sem [varnaraðili] tilkynnti [sóknaraðila] að honum bæri að greiða fyrir félagin eða SEK 3.970.175,00 ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 10. janúar 2007 til greiðsludags.“*

Sóknaraðili kveðst hafa leitað til varnaraðila þar sem hann hafi treyst því að varnaraðili byggji yfir sérfræðikunnáttu í tengslum við kaup og sölu fyrirtækja. Varnaraðili hafi hins vegar brugðist sóknaraðila í ráðgjöf sinni og eftirfylgni og hafi bakað honum tjón sem falist hafi í því að sóknaraðili hafi orðið að greiða hærri kaupverð en áður hafi verið samið um.

### IV.

### **Athugasemdir varnaraðila.**

Varnaraðili krefst þess „að öllum kröfum [sóknaraðila] verði vísað frá eða hafnað.“

Varnaraðili kveðst í lok nóvember 2006 hafa verið beðinn um að aðstoða sóknaraðila við fyrirhuguð kaup á áðurnefndum sænskum félögum. Hafi sóknaraðili viljað bjóða 30.000.000 sænskra króna í félagið og hafi varnaraðili ekki lagt annað mat á tilboðsverðið en að það þætti ekki hátt miðað við uppgjör félagsins 31. október 2006. Þá hafi varnaraðili aðstoðað sóknaraðila við að ráða til sín endurskoðendur, ráðgjafa og lögfræðinga.

Varnaraðili kveður sóknaraðila hafa samþykkt hækkun kaupverðs á fundi með seljenda þar sem hækkunin hafi verið útskýrð. Hafi í framhaldinu verið gengið endanlega frá samningum af hálfu sóknaraðila. Telur varnaraðili sóknaraðila bera ábyrgð á því að undirbúningur kaupanna hafi ekki verið eins og best yrði á kosið. Þá hafi sóknaraðili og getað hætt við kaupin þegar hann hafi verið upplýstur um kaupverð á fundi 8. desember 2006.

Til stuðnings kröfum sínum vísar varnaraðili til þess að úrskurðarnefndin hafi enga heimild til að kanna hvort ráðgjöf og önnur þjónusta varnaraðila hafi verið með eðlilegum hætti eða kanna framgöngu varnaraðila í kjölfar kaupanna. Verði hvorugt þessara atriða metið til fjár, sbr. b-lið 6. gr. samþykta fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Þá verði ekki séð að fjárfrafa sóknaraðila á hendur varnaraðila hafi nokkru sinni verið lögð fyrir varnaraðila.

Loks vísar varnaraðili til þess að sóknaraðili hafi ekki sýnt fram á stórfellt gáleysi eða ásetning varnaraðila eða aðila honum tengdum, en það sé skilyrði fyrir bótaábyrgð varnaraðila.

## **V.**

### **Niðurstaða.**

Mál þetta er sprottið af kaupum sóknaraðila á öllum hlutum í sænsku félögunum **C**, og **D**, og ráðgjöf varnaraðila í tengslum við þau kaup, sbr. samning aðila, dagsettan 20. desember 2007. Í málinu krefst sóknaraðili þess í fyrsta lagi að úrskurðarnefndin kanni hvort ráðgjöf og þjónusta varnaraðila hafi verið með eðlilegum hætti. Í öðru lagi er gerð sú krafa að úrskurðarnefndin kanni framgöngu varnaraðila í kjölfar ofangreindra kaupa. Í þriðja lagi krefst sóknaraðili skaðabóta að fjárhæð 3.970.175 sænskar krónur. Varnaraðili krefst þess að öllum kröfum sóknaraðila verði „vísað frá eða hafnað“. Skilja verður kröfugerð varnaraðila svo að hann krefjist þess aðallega að málinu verði vísað frá úrskurðarnefndinni en til vara að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Fyrstu tvær kröfur sóknaraðila lúta að því að úrskurðarnefndin kanni ráðgjöf, þjónustu og framgöngu varnaraðila. Samkvæmt b-lið 6. gr. samþykta fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, dagsettra 8. júní 2000, fjallar nefndin ekki um kröfur, sem ekki verða metnar til fjár. Koma framangreindar kröfur sóknaraðila því ekki til frekari umfjöllunar.

Samkvæmt 5. gr. nefndra samþykta fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki er það skilyrði fyrir meðferð úrskurðarnefndar að fjármálafyrirtæki hafi hafnað kröfu viðskiptamanns eða ekki hafi tekist að leysa málið með sátt innan fjögurra vikna frá því að viðskiptamaður lagði málið fyrir fjármálafyrirtæki. Sóknaraðili hefur

ekki beint áðurgreindri skaðabótakröfu sinni að varnaraðila. Með vísan til þess verður ekki hjá því komist að vísa máli þessu frá úrskurðarnefndinni.

**Ú r s k u r ð a r o r ð:**

Máli sóknaraðila, **M**, á hendur varnaraðila, fjármálafyrirtækinu **F**, er vísað frá úrskurðarnefndinni.

Reykjavík, 1. nóvember 2007.

---

Guðjón Ólafur Jónsson

---

Geir Arnar Marelsson

---

Grétar Grétarsson

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

---

Jóhann Tómas Sigurðsson

Ár 2008, föstudaginn 11. janúar, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Grétar Grétarsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir og Jóhann Tómas Sigurðsson.

Fyrir er tekið **mál nr. 11/2007**:

**M**  
**gegn**  
**fjármálafyrirtækinu F**

og kveðinn upp svohljóðandi

**ú r s k u r ð u r :**

**I.**

**Málsmeðferð.**

Málsaðilar eru **M**, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar, og fjármálafyrirtækið **F**, hér eftir nefnt varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefnd 25. september 2007 með kvörtun **A**, hdl., f.h. sóknaraðila, dagsettri 12. september 2007. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 26. september 2007, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi hans, dagsettu 9. nóvember 2007. Bréfið var sent lögmanni sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 12. nóvember 2007, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi lögmannsins, dagsettu 16. nóvember 2007.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 21. desember 2007 og 11. janúar 2008.

**II.**

**Málsatvik.**

Með umsókn, dagsettri 27. september 2004, sótti sóknaraðili um verðbréfareikning hjá **B**, Var umsóknin afgreidd fyrir milligöngu varnaraðila, sem skráður var þjónustuaðili.

Hinn 28. apríl 2006 átti sér stað svokallað „*reversed stock split*“ í sænska félaginu **C**, sem tók gildi við upphaf viðskipta. Hafði **B**, ekki að sögn verið gerlegt að ljúka nauðsynlegum lagfæringum á fjölda hluta í nefndu félagi á reikningum viðskiptamanna sinna áður en til þess kom. Sökum sjálfvirkrar skráningar á hækkun sýndist hlutafjáreign hundrafalt hærri en deginum áður. Sóknaraðili, sem átti hluti í nefndu félagi ákvað ásamt fleiri viðskiptavinum **B**, að selja hluti sína. Reyndist innleyst söluverð verulega hærra en sem nam markaðsvirði hlutanna í lok síðasta viðskiptadags. Höfðu umræddir viðskiptamenn, þ.á m. sóknaraðili, selt bréf sem ekki voru í eigu þeirra. Þegar hér var komið sögu hófst athugun á málinu af hálfu hins danska banka og var lokað fyrir viðskipti með hluti í **C**, þá hafði bankinn samband við viðskiptamenn sína og upplýsti þá um stöðu mála. Keypti **B**, aftur nauðsynlegan fjölda hluta í **C**, í því skyni að bæta

skortstöðu viðskiptavina sinna og til þess að uppgjör við kaupendur bréfanna gæti átt sér stað. Var keyptum hlutum dreift jafnt milli þeirra viðskiptavina sem voru í skortstöðu. Þar sem kaupverð hlutanna var hærra en sölutilboð hljóðaði upp á leiddi það til taps fyrir viðskiptamenn **B**, í umræddum viðskiptum.

Vegna framangreinds voru skráðir eignarhlutir sóknaraðila í **C**, 5.590.700 hinn 28. apríl 2006 í stað 55.907. Seldi sóknaraðili þann dag alls 1.268.000 hluti. Við leiðréttingu **B**, myndaðist skortstaða þar sem seldir hlutir umfram þá, sem sóknaraðili var fyrir 28. apríl 2006 skráður eigandi að, voru 1.212.093. Keypti bankinn þann fjölda af hlutum fyrir sóknaraðila á genginu 4,17. Meðalsölugengi í viðskiptum sóknaraðila var 3,6729. Kveðst sóknaraðili af þessum sökum hafa orðið fyrir tjóni að fjárhæð kr. 7.707.208 miðað við gengi sænsku krónunnar nefndan dag.

Með rafpósti til varnaraðila, dagsettum 2. maí 2006, kvartaði sóknaraðili undan ofangreindum viðskiptum við **B**, og áskildi sér rétt til bóta vegna þess tjóns sem hann kvaðst hafa orðið fyrir. Með rafpósti varnaraðila, dagsettum 4. maí 2006, var sóknaraðili tilkynnt að lögfræðingur á vegum varnaraðila hefði fengið málið til skoðunar og myndi skila álitni, sem sent yrði sóknaraðila. Með bréfi varnaraðila, dagsettu 30. maí 2006, sem virðist hafa verið sent til margra viðskiptavina **B**, hér á landi var þeim bent á að beina erindum sínum til bankans eða kærunefndar í Danmörku væru þeir ósáttir við svör **B**.

Sóknaraðili bar fram kvörtun til úrskurðarnefndarinnar vegna ofangreindra viðskipta hinn 28. desember 2006. Með úrskurði nefndarinnar 5. júní 2007, sbr. mál nr. 1/2007, var máli sóknaraðila vísað frá úrskurðarnefndinni, þar sem sóknaraðili hafði ekki haft uppi skaðabótakröfu sína á hendur varnaraðila og væri því ekki uppfyllt það skilyrði 5. gr. samþykktu fyrir nefndina að varnaraðili hefði hafnað kröfu sóknaraðila. Með bréfi lögmanns sóknaraðila, dagsettu 26. júní 2007, var varnaraðili krafinn um greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 7.708.028 með dráttarvöxtum frá 28. apríl 2006 til greiðsludags. Varnaraðili hafnaði kröfum sóknaraðila með bréfi, dagsettu 20. ágúst 2006.

Sóknaraðili lagði málið öðru sinni fyrir úrskurðarnefndina með kvörtun, dagsettri 12. september 2007.

### III.

#### Umkvörtunarefni.

Í kvörtun sóknaraðila eru kröfur hans settar fram með eftirfarandi hætti:

1. *Krafist er viðurkenningar á bótaskyldu [varnaraðila] og/eða **B**, vegna mistaka sem áttu sér stað 28. apríl 2006 og nánar er list (sic) hér á eftir og í gögnum málsins.*
2. *Krafist er greiðslu bóta kr. 7.707.208 með dráttarvöxtum frá 28.04.2006.*
3. *Krafist er viðurkenningar á því að [varnaraðili] sé réttur aðili málsins vegna þeirra mistaka sem áttu sér stað 28.04.2006.*
4. *Verði ekki fallist á það að [varnaraðili] sé réttur aðili málsins er þess krafist að viðurkennt verði að hægt sé að skjóta málum vegna mistaka **B**, fyrir nefndina og að **B**, lúti lögsögu nefndarinnar vegna viðskipta þeirra (sic) á Íslandi og verði úrskurðað bótaskyld.*

Sóknaraðili kveðst hafa átt viðskipti í góðri trú með hluti sem síðar kom í ljós að hann átti ekki þar sem ekki höfðu verið gerðar nauðsynlegar lagfæringar í kerfi **B**. Þá telur sóknaraðili að óheimilt hafi verið að kaupa að nýju hluti í **C**, án hans samþykkis. Fjárhæð skaðabótakröfu sinnar styður sóknaraðili við útreikninga löggilts endurskoðanda.



Sóknaraðili vísar til þess að varnaraðili sé umboðsmaður og/eða samstarfsaðili **B**, og hafi á allan hátt komið fram gagnvart sóknaraðila vegna viðskipta hans við **B**. Bendir sóknaraðili í þeim efnum á að nafn og merki varnaraðila komi fram á öllum skjölum sem notuð séu í viðskiptum og þegar samningi er komið á. Kveðst sóknaraðili hafa talið að hann væri að stunda viðskipti við varnaraðila eða að varnaraðili væri a.m.k. ábyrgur fyrir þeim viðskiptum.

#### IV.

##### **Athugasemdir varnaraðila.**

Varnaraðili krefst þess að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili kveður kvörtun sóknaraðila snúa að viðskiptum hans við **B**, í Danmörku og séu þau gerð án atbeina varnaraðila en í samræmi við samning sóknaraðila við hinn danska banka. Hugsanleg mistök **B**, eða brot bankans á samningi við sóknaraðila séu ekki á ábyrgð varnaraðila, enda hafi varnaraðili ekki tekið á sig neina slíka ábyrgð. Beri varnaraðili heldur enga ábyrgð á kerfum **B**, þá kveðst varnaraðili hvorki hafa keypt hluti í **C**, fyrir hönd sóknaraðila né komið að þeim viðskiptum með nokkrum hætti og geti enga ábyrgð á þeim borið. Ennfremur kveður varnaraðili að sóknaraðila hafi verið eða mátt vera ljóst hvaða eign hann átti í greindu félagi, en m.a. komi fram í umsókn sóknaraðila að hann sé reyndur fjárfestir.

#### V.

##### **Niðurstaða.**

Mál þetta er til komið vegna fjártjóns sem sóknaraðili telur sig hafa orðið fyrir vegna mistaka í tölvukerfum **B**, í Danmörku. Sóknaraðili stofnaði verðbréfareikning hjá nefndum banka síðla árs 2004, en varnaraðili sá um þjónustu hérlendis fyrir bankann og er tilgreindur sem þjónustuaðili á umsóknareyðublaði. Nánar er fjallað um hlutverk varnaraðila í viðskiptaskilmálum hins danska banka. Þar kemur og fram að deilumál vegna samninga viðskiptamanna og bankans skuli heyra undir dönsk lög og danska dómstóla.

Í 1. tölul. kröfugerðar sinnar krefst sóknaraðili þess að viðurkennd verði bótaskylda varnaraðila vegna mistaka, sem átt hafi sér stað af hálfu **B**, í Danmörku. Krafa þessi er hluti af málsástæðum sóknaraðila fyrir skaðabótakröfu hans á hendur varnaraðila samkvæmt 2. tölul. kröfugerðar hans. Leiðir af sjálfu sér að ekki verður fallist á kröfu sóknaraðila um greiðslu skaðabóta, nema áður hafi verið tekin afstaða til bótaskyldu varnaraðila. Sömu sögu er að segja af kröfu sóknaraðila samkvæmt 3. tölul. kröfugerðar hans þar sem þess er krafist að viðurkennt verði að varnaraðili sé réttur aðili máls þessa. Verður kröfum þessum því vísað frá úrskurðarnefndinni.

Í 1. tölul. kröfugerðar sinnar gerir sóknaraðili jafnframt kröfu um að viðurkennd verði bótaskylda **B**, í Danmörku og í 4. tölul. kröfugerðarinnar kröfu um að viðurkennt verði að hægt sé að skjóta málum vegna mistaka þess banka fyrir úrskurðarnefndina, svo og að bankinn lúti lögsögu nefndarinnar og verði úrskurðaður bótaskyldur. **B**, í Danmörku er ekki aðili að úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, sbr. 1. gr. samþykktar fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, samþykktar 8. júní 2000. Verða kvartanir vegna viðskipta við félagið því ekki teknar til meðferðar hjá úrskurðarnefndinni, sbr. 3. gr. samþykktanna. Verður því að vísa öllum kröfum sem snúa að hinum danska banka frá úrskurðarnefndinni.

Samkvæmt framansögðu er kröfum samkvæmt 1., 3. og 4. tölul. í kröfugerð sóknaraðila vísað frá úrskurðarnefndinni.

Í 2. tölul. kröfugerðar sóknaraðila er höfð uppi skaðabótakrafa á hendur varnaraðila að fjárhæð kr. 7.707.208, auk dráttarvaxta. Sóknaraðili var á þeim tíma, sem umþrætt atvik urðu, viðskiptavinur **B**, í Danmörku samkvæmt sérstökum samningi þeirra á milli. Ágreiningslaust er að þau atvik, sem sóknaraðili byggir bótakröfu sína á, verða rakin til bilunar í tölvukerfi og/eða mistaka starfsmanna **B**. Verður sóknaraðili því að beina kröfum sínum vegna þeirra mistaka að hinum danska banka í samræmi við efni samnings þeirra og eftir dönskum lögum og reglum. Hefur og ekki verið sýnt fram á að varnaraðila, sem er þjónustuaðili hins danska banka hér á landi og jafnframt umboðsmaður sóknaraðila, verði á einhvern hátt kennt um þau atvik sem eiga að hafa leitt til ætlaðs tjóns sóknaraðila. Eru því engin efni til að verða við skaðabótakröfu sóknaraðila og er henni hafnað.

### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu um viðurkenningu bótaskyldu varnaraðila, fjármálafyrirtækinu **F**, og/eða **B**, í Danmörku er vísað frá úrskurðarnefndinni.

Kröfu um að viðurkennt verði að varnaraðili sé réttur aðili málsins er vísað frá úrskurðarnefndinni.

Kröfu um að viðurkennt verði að hægt sé að skjóta málum vegna mistaka **B**, í Danmörku fyrir úrskurðarnefndina og að bankinn lúti lögsögu nefndarinnar og verði úrskurðaður bótaskyldur er vísað frá úrskurðarnefndinni.

Öðrum kröfum sóknaraðila, **M**, á hendur varnaraðila er hafnað.

Reykjavík, 11. janúar 2008.

---

Guðjón Ólafur Jónsson

---

Geir Arnar Marelsson

---

Grétar Grétarsson

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

---

Jóhann Tómas Sigurðsson

Ár 2008, miðvikudaginn 23. apríl, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Grétar Grétarsson, Gunnar Viðar og Hildigunnur Hafsteinsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 12/2007**:

**M**  
**og**  
**M**  
**gegn**  
**fjármálafyrirtækinu F.**

og kveðinn upp svohljóðandi

## **ú r s k u r ð u r:**

### **I.**

#### **Málsmeðferð.**

Málsaðilar eru **M**, og **M**, hér eftir nefnd sóknaraðilar, annars vegar, og fjármálafyrirtækið **F**, hér eftir nefnt varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefnd 24. október 2007 með kvörtun **K**, hdl., fyrir hönd sóknaraðila, dagsettri 19. sama mánaðar. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 30. október 2007, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi hans, dagsettu 20. nóvember 2007. Bréfið var sent lögmanni sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 21. nóvember 2007, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum. Þær bárust með bréfi lögmannsins, dagsettu 28. nóvember 2007. Með bréfi, dagsettu 7. janúar 2008, var óskað eftir frekari upplýsingum og gögnum frá málsaðilum. Bárust þau með bréfi lögmanns sóknaraðila, dagsettu 16. janúar 2008, og bréfi varnaraðila, dagsettu 23. janúar 2008.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 21. desember 2007, 14. janúar, 12. mars, 27. mars og 23. apríl 2008.

### **II.**

#### **Málsatvik.**

Hinn 29. ágúst 2005 gaf bróðir sóknaraðila, **A**, út fjögur skuldabréf til varnaraðila, hvert að fjárhæð kr. 800.000 og voru bréfin öll tryggð með 8. veðrétti í fasteign **A**, að **J** í Reykjavík. Samkvæmt yfirliti varnaraðila, dagsettu 16. ágúst 2005, voru áhvílandi veðskuldir á eigninni þá kr. 22.609.209, en sölumat áætlað kr. 25.000.000, sbr. og verðmat **B**, héraðsdómslögmanns og löggilts fasteignasala, dagsett 19. ágúst 2005. Jafnframt veðtryggingu tókust nokkrir einstaklingar á hendur sjálfskuldarábyrgð in solidum á lánum samkvæmt skuldabréfunum. Gekkst sóknaraðili **M**, m.a. í ábyrgð

fyrir láni samkvæmt skuldabréfi nr. 8, ásamt C, og eiginkonu A, D, Þá gekkst sóknaraðili E, í ábyrgð fyrir láni samkvæmt skuldabréfi nr. 7, auk nefnds C og D.

Á 6. og 7. veðrétti fasteignar A, voru áhvílandi tryggingarbréf, sem varnaraðili var eigandi að, útgefin 16. desember 2004 og 5. júlí 2005, af A, D, og G, Var hið fyrra til tryggingar skuldum og öðrum skuldbindingum þeirra þriggja við varnaraðila, allt að (fjárhæð kr. 4.000.000, auk verðtryggingar og kostnaðar, en hið síðara allt að fjárhæð kr. 3.800.000, auk verðtryggingar og kostnaðar. Með tveimur skilyrtum veðleyfum, dagsettum 26. og 28. apríl 2006, samþykkti varnaraðili að H, væri heimilt að veðsetja umrædda fasteign fyrir veðskuldum frá I, fyrir allt að kr. 19.000.000, sem gengi framur veðrétti varnaraðila samkvæmt nefndum tryggingarbréfum og skuldabréfum á 6.-8. veðrétti. Voru leyfin háð því skilyrði að I, tæki að sér að greiða upp áhvílandi veðskuldir á 1., 2., 3. og 5. veðrétti og greiða mismun inn á vörslureikning tiltekins fasteignasala, sem myndi samkvæmt þinglýstri yfirlýsingu, dagsettri 21. nóvember 2005, ráðstafa mismuninum til að greiða niður skuldir G, A, og D, við varnaraðila. Umrædd greiðsla nam kr. 9.696.210 og var greidd varnaraðila 14. ágúst 2006. Voru kr. 8.289.335 notaðar hinn 17. ágúst 2006 til að greiða skuldir G, og D, við varnaraðila, en þær voru þá til lögfræðinnheimtu. Þar af runnu kr. 3.811.134 til greiðslu vanskilaskuldar á tékkareikningi G, en kr. 3.691.291 til greiðslu skuldabréfs nr.1, útgefnu 23. desember 2004, upphaflega að fjárhæð kr. 2.500.000, og kr. 786.910 til greiðslu skuldabréfs nr. 2, útgefnu 23. desember 2004, upphaflega að fjárhæð kr. 500.000. Þá voru kr. 458.237 notaðar til að greiða upp skuldabréf nr. 3, að fjárhæð kr. 500.000, útgefið af nefndum A, og kr. 856.854 til greiðslu á skuld A, á reikningi nr. 4, Því sem eftir stóð, kr. 91.784, var varið til greiðslu skulda samkvæmt skuldabréfum, útgefnum 29. ágúst 2005, hverju að höfuðstóli kr. 800.000. Greiddust kr. 22.946 inn á hvert þeirra. Ráðstöfun greiðslna var því eins og hér segir:

<b>Greitt við sölu á J,</b>		<b>9.696.210,00 kr.</b>
Til greiðslu skuldar á tékkareikningi G. nr. 5	-	3.811.134,00 kr.
Til greiðslu skuldar G, skv. skuldabréfi nr. 1	-	3.691.291,00 kr.
Til greiðslu skuldar D. skv. skuldabréfi nr. 2	-	786.910,00 kr.
	<b>Samtals: -</b>	<b>8.289.335,00 kr.</b>
Til greiðslu skuldar A, skv. skuldabréfi nr. 3	-	18.042,00 kr.
Til greiðslu skuldar A, skv. skuldabréfi nr. 3	-	14.987,00 kr.
Til greiðslu skuldar A, skv. skuldabréfi nr. 3	-	14.755,00 kr.
Til greiðslu skuldar A, skv. skuldabréfi nr. 3	-	14.803,00 kr.
Til greiðslu skuldar A, skv. skuldabréfi nr. 3	-	14.515,00 kr.
Til greiðslu skuldar A, skv. skuldabréfi nr. 3	-	14.372,00 kr.
Til greiðslu skuldar A, skv. skuldabréfi nr. 3	-	14.228,00 kr.
Til greiðslu skuldar A, skv. skuldabréfi nr. 3	-	14.149,00 kr.
Til greiðslu skuldar A, skv. skuldabréfi nr. 3	-	14.057,00 kr.
Til greiðslu skuldar A, skv. skuldabréfi nr. 3	-	13.254,00 kr.
Til greiðslu skuldar A, skv. skuldabréfi nr. 3	-	311.075,00 kr.

	<b>Samtals: -</b>	<b>458.237,00 kr.</b>
Til greiðslu skuldar á reikningi A nr. 4	-	<b>856.854,00 kr.</b>
Til greiðslu skuldar A, skv. skuldabréfi nr. 6	-	22.946,00 kr.
Til greiðslu skuldar A, skv. skuldabréfi nr. 7	-	22.946,00 kr.
Til greiðslu skuldar A, skv. skuldabréfi nr. 8	-	22.946,00 kr.
Til greiðslu skuldar A, skv. skuldabréfi nr. 9	-	22.946,00 kr.
	<b>Samtals: -</b>	<b>91.784,00 kr.</b>
	<b>Eftirstöðvar:</b>	<b>- kr.</b>

Varnaraðili samþykkti hinn 23. ágúst 2006 að leysa fasteignina að J, úr veðböndum, en áður nefnd veðskuldabréf voru þá tryggð með 4. veðrétti í eigninni. Vanskil urðu á greiðslu afborgana samkvæmt skuldabréfunum og fór svo að C, leysti til sín bréfin 9. maí 2007 gegn greiðslu á kr. 985.928 vegna hvers þeirra. Hinn 4. september 2007 greiddi hvor sóknaraðila C, kr. 354.203.

Með bréfi lögmanns sóknaraðila, dagsettu 2. nóvember 2006, var því lýst yfir að sjálfskuldarábyrgð þeirra á umþrættum skuldabréfum væri niður fallin og var óskað staðfestingar varnaraðila á að hann myndi ekki gera frekari kröfur á hendur sóknaraðilum á grundvelli hennar. Með bréfi varnaraðila, dagsettu 8. desember 2006, var gerð grein fyrir þeim greiðslum, sem inntar höfðu verið af hendi til varnaraðila til greiðslu á skuldum samkvæmt tryggingarbréfum, sem upphaflega hvíldu á 6. og 7. veðrétti fasteignar A. Lögmaður sóknaraðila ítrekaði kröfur þeirra með bréfi til varnaraðila, dagsettu 17. janúar 2007.

Málið barst úrskurðarnefndinni með kvörtun, dagsettri 19. október 2007.

### III.

#### Umkvörtunarefni.

Í kvörtun sóknaraðila er kröfugerð sóknaraðila sett fram með eftirfarandi hætti: „Þess er krafist að úrskurðarnefndin fari yfir verklag [varnaraðila] í málinu og athugi hvort [varnaraðili] hafi ekki farið út fyrir heimildir sínar og gert mistök gagnvart [sóknaraðilum]. Verði talið að [varnaraðili] hafi ekki gætt óskráðra reglna um samskipti við ábyrgðarmenn og farið eftir reglum um samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga frá 1. Nóvember (sic) 2001 verður að fallast á með [sóknaraðilum] að þau verði leyst undan sjálfskuldarábyrgð þeirra á lánum nr. 8 og 7.

Þá er þess krafist að [varnaraðili] greiði [sóknaraðilum] þá fjárhæð sem þau hafa þurft að greiða vegna þessa máls til framsalshafa skuldabréfsins. Er sú upphæð 708.406 ... Þá krefjast [sóknaraðilar] dráttarvaxta af þeirri kröfu frá 12. September (sic) sl. til greiðsludags [varnaraðili] (sic). Þá er gerð krafa um greiðslu málskostnaðar sem [sóknaraðilar] hafa haft vegna málsins sem er 300.000 kr. Auk þess sem [sóknaraðilar] krefjast virðisaukaskatts af málskostnaði.”

Af hálfu sóknaraðila er á því byggt að varnaraðili hafi ekki gætt upplýsingaskyldu sinnar samkvæmt 5. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, dagsetts 1. nóvember 2001. Þá séu og brostnar forsendur fyrir því að varnaraðili haldi

kröfu sinni upp á sóknaraðila eftir að skilyrt veðleyfi var gefið út og eign A, leyst úr veðböndum að þeim forspurdum. Sóknaraðilar telja að varnaraðili hefði átt að upplýsa þá frekar um áhvílandi tryggingarbréf á fasteign A, og hvaða skuldir þær tryggðu. Hafi slíkar upplýsingar ekki legið fyrir fyrr en eftir sölu eignarinnar.

Sóknaraðilar kveða varnaraðila hafa farið út fyrir heimildir sínar þegar veitt hafi verið skilyrt veðleyfi 23. mars (sic) 2006, en varnaraðili hafi ekki látið ábyrgðarmenn vita af veðleyfinu. Þá hafi varnaraðili heldur ekki gert þeim grein fyrir að hann væri að leysa eign A, úr veðböndum í ágúst 2006. Hafi varnaraðili með þessu aðgerðarleysi sínu bakað sóknaraðilum verulegt fjárhagstjón.

#### IV.

##### **Athugasemdir varnaraðila.**

Varnaraðili krefst þess að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili kveður réttilega hafa verið staðið að ráðstöfun greiðslna við sölu fasteignarinnar að J, í Reykjavík. Hafi fjármunum fyrst verið ráðstafað til greiðslu skulda, sem tryggðar voru með 6. og 7. veðrétti í eigninni. Hafi þeir ekki dugað til greiðslu á þeim skuldabréfum og hafi því ekkert komið til greiðslu á þeim skuldabréfum, sem sóknaraðilar voru í ábyrgð fyrir og hvíldu upphaflega á 8. veðrétti.

Varnaraðili telur ábyrgð sóknaraðila ekki hafa fallið niður þrátt fyrir að samþykki þeirra hafi ekki verið aflað fyrir hinu skilyrta veðleyfi, dagsettu 26. apríl 2006, eða veðbandslausn, dagsettri 23. ágúst 2006. Kveður varnaraðili það í samræmi við almennar reglur kröfuréttar að ekki þurfi að afla samþykkis ábyrgðarmanna til slíkra ráðstafana. Hins vegar sé á eyðublöðum gert ráð fyrir undirskrift sjálfskuldarábyrgðarmanna, en það eigi eingöngu við um þau tilvik þar sem ábyrgð þeirra aukist við ráðstafanirnar. Varnaraðili vísar til þess að veðhafa sé í sjálfs vald sett hvort hann gengur að veði eða ábyrgðarmönnum þegar veðskuld er jafnframt tryggð með sjálfskuldarábyrgð. Hafi heldur ekki verið um það samið af hálfu aðila að varnaraðili skyldi fyrst ganga að veðinu. Hafi ábyrgð sóknaraðila því ekki verið aukin við veðleyfi varnaraðila eða veðbandslausn og hagsmunir þeirra því á engan hátt skertir.

Varnaraðili hafnar því að hann hafi gerst brotlegur við 5. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, dagsetts 1. nóvember 2001, svo og að gerðir hans brjóti í bága við góðar viðskiptavenjur. Vísar varnaraðili m.a. til þess að sóknaraðilar hafi staðfest með undirritun sinni að þeir hafi kynnt sér upplýsingabækling bankans um sjálfskuldarábyrgðir. Þá bendir varnaraðili á að gert hafi verið greiðslumat á skuldara. Hann hafi ekki skilið inn neinum tekjuupplýsingum og hafi komið fram á lánsúmsókn að hann væri tekjulaus og án skulda. Hafi komið fram í greiðslumati að ráðstöfunartekjur væru engar, en greiðslubyrði af því láni sem sóknaraðilar gengu í ábyrgð fyrir kr. 923.700 á ári, framfærslukostnaðar og föst útgjöld kr. 1.603.200 á ári og ráðstöfunartekjur eftir framfærslu og greiðslu lána því neikvæðar um kr. 2.526.900 á ári. Hafi sóknaraðilar staðfest með undirritun sinni að hafa kynnt sér þessar upplýsingar.

## V. Niðurstaða.

Kröfugerð sóknaraðila þykir mega skilja svo að krafist sé kr. 708.406, auk dráttarvaxta frá 12. september 2007 til greiðsludags. Þá sé krafist kr. 300.000 í málskostnað auk virðisaukaskatts.

Ágreiningur í máli þessu er til kominn vegna sjálfskuldarábyrgðar sem sóknaraðilar gengust á hendur til tryggingar skilvísun greiðslum á lánum samkvæmt sitt hvoru skuldabréfinu, gefnu út af bróður sóknaraðila, A, til varnaraðila 29. ágúst 2005, hvort að fjárhæð kr. 800.000. Ekki eru efni til annars en að líta svo á að réttilega hafi verið staðið að mati á greiðslugetu A, eða upplýsingagjöf til sóknaraðila áður en til skuldaábyrgðar var stofnað. Koma þá til skoðunar aðgerðir varnaraðila eftir að sóknaraðilar gengust í nefnda sjálfskuldarábyrgð.

Eins og fyrr er rakið, voru nefndar skuldir A, tryggðar með veði í fasteign hans, auk sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila. Með tveimur skilyrtum veðleyfum, dagsettum 26. apríl 2006, heimilaði varnaraðili veðsetningu fasteignarinnar fyrir veðskuldum frá I, fyrir allt að kr. 19.000.000, sem gengi framur veðrétti varnaraðila samkvæmt tveimur tryggingarbréfum hans og skuldabréfum á 6.-8. veðrétti, þ. á m. þeim tveimur bréfum, sem sóknaraðilar höfðu gengist í sjálfskuldarábyrgð fyrir. Voru leyfin háð því skilyrði að I. tæki að sér að greiða upp áhvílandi veðskuldir á 1., 2., 3. og 5. veðrétti og mismununum yrði ráðstafað til að greiða niður skuldir G, A, og eiginkonu hans við varnaraðila. Umrædd greiðsla nam kr. 9.696.210 og var greidd varnaraðila 14. ágúst 2006 og var ráðstafað með þeim hætti sem lýst er fyrr í úrskurði þessum.

Með veðbandslausnum, dagsettum 23. ágúst 2006, samþykkti varnaraðili að leysa fasteignina að J, undan veðböndum samkvæmt skuldabréfum þeim, sem sóknaraðilar höfðu gengið í sjálfskuldarábyrgð fyrir.

Samkvæmt 2. mgr. 5. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, dagsetts 1. nóvember 2001, er fjármálafyrirtæki óheimilt að breyta skilmálum láns eða annarrar fjárhagslegrar skuldbindingar, sem tryggð er með skuldaábyrgð eða veði, nema með samþykki ábyrgðarmanns. Er í greininni tekið fram að með skilmálum í þessu sambandi sé átt við lánstíma, afborganir og tryggingar, ef aðrar tryggingar en skuldaábyrgð eða veð eru til staðar. Ágreiningslaust er að varnaraðili leitaði ekki samþykkis sóknaraðila áður en hann heimilaði að umrædd fasteign yrði leyst úr veðböndum 23. ágúst 2006, en telja verður samkvæmt framangreindu að varnaraðila hafi verið það skylt. Verður varnaraðili að bera ábyrgð á þeirri vanrækslu sinni.

Kemur þá næst til skoðunar hvort framangreind vanræksla hafi orðið sóknaraðilum til tjóns. Ljóst er að umrædd fasteign var ekki til tryggingar skuld samkvæmt nefndum skuldabréfum eftir að varnaraðili leysti hana úr veðböndum. Gátu ábyrgðarmenn því ekki leitað fullnustu í henni hefðu þeir greitt kröfur varnaraðila samkvæmt skuldabréfunum og fengið þau framseld til sín. Samkvæmt upplýsingum varnaraðila var notast við sama yfirlit um áhvílandi veðskuldir og verðmat nefndrar fasteignar við veðbandslausn 23. ágúst 2006 og legið höfðu fyrir ári áður, í ágúst 2005. Var eignin þá metin á kr. 25.000.000 milljónir króna, en áhvílandi veðskuldir voru kr. 22.609.209. Eru þá ekki talin með þau fjögur skuldabréf, alls að fjárhæð kr. 3.200.000, sem síðar var þinglýst á 8. veðrétt eignarinnar. Ekki liggja fyrir fullnægjandi upplýsingar um stöðu áhvílandi lána við veðbandslausnina. Verður varnaraðili að bera hallann af þeim

upplýsingaskorti. Eins og málið liggur nú fyrir nefndinni verður með hliðsjón af framanröktu við það að miða að sóknaraðilar hafi orðið fyrir tjóni, sem svari þeirri fjárhæð sem þau urðu að greiða vegna sjálfskuldarábyrgðar sinnar.

Kröfugerð sóknaraðila verður eins og áður segir skilin svo að þau krefjist kr. 708.406 úr hendi varnaraðila eins og um óskipta kröfu væri að ræða. Af gögnum málsins verður þó ráðið að hvor sóknaraðila hafi hinn 11. september 2007 greitt C, fyrir milligöngu lögmanns þeirra, kr. 354.203 vegna sjálfskuldarábyrgðar þeirra á sitthvoru skuldabréfinu. Þykir framangreindur annmarki á kröfugerð sóknaraðila ekki koma að sök og verður varnaraðila gert að greiða hvorum sóknaraðila um sig kr. 354.203.

Sóknaraðilar, sem njóta aðstoðar lögmanns, gera kröfu um dráttarvexti frá 12. september 2007 til greiðsludags. Ekki er tekið fram samkvæmt hverjum lögum eða lagagreinum krafist er vaxta eða hvers vaxtafótar. Þrátt fyrir þennan annmarka á kröfugerð sóknaraðila þykir mega úrskurða varnaraðila til að greiða vexti og dráttarvexti til sóknaraðila eins og greinir í úrskurðarorði.

Engin heimild er í samþykktum nefndarinnar til að úrskurða sóknaraðilum málskostnað og er þeirri kröfu því hafnað.

### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Varnaraðili, fjármálafyrirtækið F., greiði sóknaraðilum, M, og M, hvoru um sig kr. 354.203, auk vaxta samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38, 2001 frá 12. september 2007 til 23. apríl 2008, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá 23. apríl 2008 til greiðsludags.

Reykjavík, 23. apríl 2008.

---

Guðjón Ólafur Jónsson

---

Geir Arnar Marelsson

---

Grétar Grétarsson

---

Gunnar Viðar

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir



Ár 2008, mánudaginn 14. janúar, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Grétar Grétarsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir og Jóhann Tómas Sigurðsson

Fyrir er tekið **mál nr. 13/2007**:

**M**  
**gegn**  
**fjármálafyrirtækinu F**

og kveðinn upp svohljóðandi

**ú r s k u r ð u r:**

**I.**

**Málsmeðferð.**

Málsaðilar eru **M**, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar, og fjármálafyrirtækinu **F**, hér eftir nefnt varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefnd 20. nóvember 2007 með kvörtun sóknaraðila, dagsettri sama dag. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 22. nóvember 2007, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi hans, dagsettu 10. desember 2007. Var það sent sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 13. desember 2007, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Sóknaraðili ítrekaði kröfur sínar með bréfi, dagsettu 17. desember 2007. Með bréfi úrskurðarnefndarinnar, dagsettu 7. janúar 2008, var óskað eftir frekari upplýsingum og gögnum frá sóknaraðila. Bárust umbeðin gögn með bréfi hans, dagsettu 10. janúar 2008.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 21. desember 2007 og 14. janúar 2008.

**II.**

**Málsatvik.**

Í júní 2007 efndi færeyska hlutafélagið **A**, til hlutafjárútboðs og bauð eigandi og seljandi hlutafjárins, **B**, til sölu 6.000.000 hluti í bankanum að nafnvirði 20 danskar krónur. Hafði **C**, hf. umsjón með hlutafjárútboðinu hér á landi í umboði seljanda. Sóknaraðili óskaði eftir milligöngu varnaraðila um gerð tilboðs í kaup á hlutum fyrir allt að 2.000.000 danskar krónur, auk þess sem eiginkona hans og tvær dætur voru hver fyrir sig skráð fyrir sams konar tilboði. Varnaraðili gerði hins vegar ekki tilboð fyrir hönd hvers þeirra um sig, heldur gerði í eigin nafni tilboð fyrir hönd sóknaraðila og annarra viðskiptamanna sinna. Var markaðsviðskiptadeild varnaraðila skráð fyrir 4.000.000.000 íslenskra króna fyrir hönd 75 viðskiptavina, þ.á m. sóknaraðila, og eignastýringardeild varnaraðila fyrir 100.000.000 íslenskra króna fyrir 100 viðskiptavini í eignastýringu.

Eftirspurn reyndist langt umfram framboð og var hlutum því deilt niður á þá, sem gert höfðu tilboð í samræmi við ákvæði útboðslýsingar. Fékk varnaraðili úthlutað

12.000.000 íslenskra króna að markaðsverðmæti fyrir hvorn hóp viðskiptavina sinna. Var hlut markaðsviðskiptadeildar skipt jafnt niður á þá 75 viðskiptavini sem óskað höfðu eftir því að skrá sig fyrir hlut. Eignastýringardeild varnaraðila deildi sínum hlut út í þeim hlutföllum sem viðskiptavinir höfðu skráð sig fyrir.

Sóknaraðili, kona hans og tvær dætur fengu hvert um sig 60 hluti til kaups. Með úrskurði nefndarinnar 25. október 2007 í máli nr. 8/2007, sem reis af sömu atvikum, var komist að þeirri niðurstöðu að sóknaraðili í því máli og aðrir í fjölskyldu hans, sem skráðir höfðu verið fyrir hlutum, hefðu átt að fá 271 hlut hvert, ef réttilega hefði verið staðið að málum af hálfu varnaraðila. Var varnaraðila með úrskurði nefndarinnar gert skylt að afhenda sóknaraðila þess máls vegna hvers þeirra 211 hluti að nafnverði 20 danskar krónur í A, gegn greiðslu á 189 dönskum krónum fyrir hvern hlut. Sóknaraðila mun í framhaldinu hafa boðist sambærileg úrlausn máls síns. Hann hafnaði því með rafpósti 15. nóvember 2007 og taldi að miða ætti við fyrsta skráða gengi hins færeyska félags, sem var 243 danskar krónur fyrir hvern hlut. Sættir tókust ekki með aðilum.

Málið barst úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 20. nóvember 2007.

### III.

#### Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili telur sig eiga rétt á að varnaraðili afhendi honum þau bréf sem honum hafi borið og að varnaraðili kaupi þau á fyrsta skráða gengi A, 243. Kveður hann kröfuna sanngjarna, enda hafi hann orðið af möguleika á að selja hlutina á enn hærra verði eða allt að 262,5.

Sóknaraðili vísar til stuðnings máli sínu til 9. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 33, 2003.

### IV.

#### Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili kveður tilboð sitt til sóknaraðila hafa verið í samræmi við úrskurð úrskurðarnefndarinnar í máli nr. 8/2007 og telur að ljúka eigi málinu með þeim hætti sem þar greinir. Hafi sóknaraðila því verið boðið að fá afhenta 211 hluti í A, fyrir hverja kennitölu á hans vegum í útboðinu gegn greiðslu á 189 dönskum krónum fyrir hvern hlut. Hafi önnur mál verið afgreidd með þessum hætti og varnaraðili aukinheldur boðist til að selja hlutina samdægurs og greiða viðskipavinum sínum mismun á útboðsgenginu 189 og markaðsgengi þegar viðskipin eiga sér stað að frádreginni sölubóknun.

### V.

#### Niðurstaða.

Í máli þessu er ekki deilt um skyldu varnaraðila til að bæta fyrir mistök við skráningu tilboða í nafni sóknaraðila, eiginkonu hans og tveggja dætra í hlutafjárútboði A, í Færeyjum. Hefur varnaraðili boðist til að gera sóknaraðila eins settan og ef hann og aðrir í fjölskyldu hans hefðu verið réttilega skráðir fyrir tilboði að fjárhæð 2.000.000 danskar krónur. Ágreiningslaust er að sóknaraðili gat einungis keypt 60 hluti í nefndu félagi fyrir 189 danskar krónur hvern hlut eða samtals 11.340 danskar krónur fyrir sig og hvert hinna í fjölskyldu sinni, en með réttu hefðu 271 hlutur átt að koma í hlut hvers þeirra. Hefur sóknaraðila í samræmi við úrskurð úrskurðarnefndarinnar í máli nr. 8/2007

verið boðið að fá afhenta 211 hluti vegna hvers þeirra eða samtals 844 hluti (4 x 211) að nafnverði 20 danskar krónur í **A**, gegn greiðslu á 189 dönskum krónum fyrir hvern hlut eða samtals 159.516 (4 x 39.879) dönskum krónum. Sóknaraðili vill hins vegar að uppgjör aðila miðist við verðmæti hlutanna á fyrsta viðskiptadegi þess, þ.e. 243, þ.e.a.s. eins og hann hefði keypt 844 hluti til viðbótar á genginu 189 og selt þá á fyrsta viðskiptadegi á genginu 243.

Samkvæmt framansögðu þykir mega skilja málatilbúnað sóknaraðila svo að hann krefji varnaraðila um mismun á verðmæti 844 hluta í **A**, miðað við fyrsta skráða gengi félagsins, 243, annars vegar, og gengi í hlutafjárútbóði félagsins, 189, hins vegar. Verður krafa sóknaraðila því skilin svo að hann krefist 45.576 (844 x 54 d.kr.) danskra króna úr hendi varnaraðila. Skilja verður málatilbúnað varnaraðila svo að hann krefist þess að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Með margnefndum úrskurði í máli nr. 8/2007 var komist að þeirri niðurstöðu að varnaraðila bæri að gera viðskiptavin sinn jafnsettan og ef rétt hefði verið staðið að skráningu tilboðs hans í hluti í **A**, í Færeyjum. Hið sama á við um tilvik sóknaraðila. Hefði verið rétt að verki staðið af hálfu varnaraðila hefði sóknaraðili átt að geta keypt 844 fleiri hluti í félaginu gegn greiðslu á 189 dönskum krónum fyrir hvern þeirra. Ekki eru efni til að víkja frá efnislegri niðurstöðu úrskurðarnefndarinnar í máli nr. 8/2007 eða miða við annað gengi en þar var gert, sem var það gengi sem hlutafjárútbóðið miðaðist við. Frá skráningu bréfanna í kauphöll hefur gengi þeirra sveiflast frá 153 til 262,5 og er nú nokkuð lægra en útboðsgengi. Ekkert liggur fyrir um hvort sóknaraðili hygðist selja bréf sín eða annarra í fjölskyldu sinni á fyrsta viðskiptadegi eða hafi gert ráðstafanir þar að lútandi. Verður úrlausn málsins því ekki við það miðuð.

Samkvæmt framansögðu verður að hafna öllum kröfum sóknaraðila á hendur.

### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfum sóknaraðila, **M**, á hendur varnaraðila, fjármálafyrirtækinu **F**, er hafnað.

Reykjavík, 14. janúar 2008.

---

Guðjón Ólafur Jónsson

---

Geir Arnar Marelsson

---

Grétar Grétarsson

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

---

Jóhann Tómas Sigurðsson

# ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2008, föstudaginn 16. maí, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Grétar Grétarsson, Gunnar Viðar og Hildigunnur Hafsteinsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 14/2007**:

**M,**  
**gegn**  
**fjármálafyrirtækinu F,**

og kveðinn upp svohljóðandi

## ú r s k u r ð u r:

### I.

#### Málsmeðferð.

Málsaðilar er **M**, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar, og fjármálafyrirtækið **F**, hér eftir nefnt varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefnd 28. nóvember 2007 með kvörtun sóknaraðila, dagsettri sama dag. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 29. nóvember 2007, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi hans, dagsettu 19. desember 2007. Bréfið var sent sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 7. janúar 2008, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum. Þær bárust með bréfi sóknaraðila, dagsettu 28. janúar 2008.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 12. mars, 27. mars, 23. apríl og 16. maí 2008.

### II.

#### Málsatvik.

A, og varnaraðili gerðu með sér fjármögnunarsamning 11. apríl 2005 þar sem tiltekið var að varnaraðili stefndi að því að fjármagna að hluta byggingu 18 íbúða fjölbýlishúss við **B**. Mun áætlaður framkvæmdakostnaður hafa verið kr. 235.696.169. Stefndi varnaraðili að því að lána **A**, allt að 80% af byggingarkostnaði byggingarframkvæmdar á tilgreindu byggingarstigi, enda færi láns hlutfall aldrei upp fyrir 70% af áætluðu markaðsverði byggingarframkvæmdarinnar á hverjum tíma. Ítarleg ákvæði voru í samningnum um lánskjör og tryggingar, en vextir skyldu vera breytilegir og ákvarðast af varnaraðila á hverjum tíma. Sóknaraðili ritaði undir samninginn persónulega og fyrir hönd **A**. Með skilyrtum lánsamningi, dagsettum sama dag, samþykkti varnaraðili að stefna að því að lána **A**, allt að kr. 188.556.935 vegna byggingar ofangreinds fjölbýlishúss. Skyldi lánið greiðast að fullu með einni greiðslu á gjalddaga, sem átti í síðasta lagi að vera 2. ágúst 2006.

Hinn 2. maí 2006 samþykkti varnaraðili að veita **A**, bankaábyrgð gagnvart **C**, í Danmörku, allt að fjárhæð 151.606 evrur gegn tiltekinni þóknun.

Með tryggingarbréfi, dagsettu 24. júlí 2006 setti **A**, varnaraðila að veði með 1. veðrétti fasteignina að **D**, til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu á skuldum félagsins við varnaraðila að höfuðstóli kr. 50.000.000. Var það í samræmi við lánessamning varnaraðila og **A**, dagsettan sama dag, um lán að fjárhæð kr. 10.460.561, sem **A**, skyldi endurgreiða varnaraðila 2. janúar 2007. Gekkst sóknaraðili í sjálfskuldarábyrgð til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu á allri skuldinni. Sams konar samningur var gerður milli **A**, og varnaraðila 8. nóvember 2006 um lán að fjárhæð kr. 17.357.143 með gjalddaga 2. janúar 2007 og samþykkti sóknaraðili þann samning einnig sem sjálfskuldarábyrgðarmaður.

**A**, gaf að nýju út tryggingarbréf til varnaraðila 4. desember 2006 að fjárhæð kr. 100.000.000, sem tryggt var með 2. veðrétti að **D**, þann dag var jafnframt gerður lánessamningur milli félagsins og varnaraðila um lán að fjárhæð kr. 26.746.276, sem greiðast skyldu 2. janúar 2007, og gekkst sóknaraðili í sjálfskuldarábyrgð til tryggingar greiðslu skuldarinnar. Enn var gerður lánessamningur milli **A**, og varnaraðila 14. desember 2006, að þessu sinni um lán að fjárhæð kr. 3.091.837 og var umsaminn gjalddagi 2. maí 2007. Enn gekkst sóknaraðili í sjálfskuldarábyrgð.

Með bréfi, dagsettu 1. ágúst 2007, fór **A**, fram á það við varnaraðila að hann endurgreiddi félaginu vexti að fjárhæð kr. 27.500.000, auk mismunar á áföllnum dráttarvöxtum og samningsvöxtum við uppgjör skuldabréfa, sem gefin voru út við upphaf framkvæmda að **D**.

Með kaupsamningi, dagsettum 2. ágúst 2007, seldi **A**, fasteignina að **D**, fyrir kr. 150.000.000, en hún var þá enn í byggingu. Skuld félagsins við varnaraðila nam þá kr. 80.288.149, en yfirtekin voru áhvílandi lán að fjárhæð kr. 77.522.524 og var þá miðað við afhendingu eignarinnar, sem fram fór 30. apríl 2007. Skuldir **A**, við varnaraðila voru hinn 3. ágúst 2007 kr. 100.964.488, að veittum kr. 500.000 afslætti, samkvæmt yfirlýsingu varnaraðila. Samþykkti varnaraðili að framselja tryggingarbréf sín á **D**, gegn greiðslu á þeirri skuld. Gögn málsins bera með sér að hinn 8. ágúst 2007 voru varnaraðila greiddar fyrir milligöngu fasteignasala skuld samkvæmt síðastgreindum fjórum lánasamningum, samtals kr. 67.912.941. Þar af voru kr. 9.619.468 vegna dráttarvaxta. Þá var einnig m.a. greitt upp enn eitt lánið með kr. 10.534.000, þar af kr. 1.658.405 í dráttarvexti. Með samkomulagi **A**, og varnaraðila, dagsettu 28. ágúst 2007, staðfesti **A**, að skulda varnaraðila kr. 3.728.100 vegna tímabundins láns vegna þinglýsingargjalda bréfa frá Íbúðalánasjóði. Skyldi upphæðin greidd til baka eigi síðar en 1. október 2008.

Málið barst úrskurðarnefndinni með kvörtun, dagsettri 28. nóvember 2007.

### III.

#### Umkvörtunarefni.

Í kvörtun sóknaraðila eru kröfur hans settar fram með eftirgreindum hætti:

*„[Varnaraðili] endurgreiði til **A**, vexti af framkvæmdaláni að upphæð kr. 25.000.000 vegna tafa á framkvæmdum við **B**, 7, sem stafa af drætti á afgreiðslu bankaábyrgðar til kaupa á gluggum.*

*[Varnaraðili] endurgreiði til **A**, vexti að upphæð kr. 2.500.000 vegna þess að afstaða [varnaraðila] kom í veg fyrir að hægt yrði að lækka skuldina í apríl s.l.*

*[Varnaraðili] endurgreiði til **A**, vexti af framkvæmdaláni að upphæð kr. 25.000.000 vegna tafa á framkvæmdum við **B**, sem stafa af drætti á afgreiðslu bankaábyrgðar til kaupa á gluggum.“*

Í bréfi sem sóknaraðili ritaði nefndinni 28. janúar 2008 fyrir hönd sín persónulega og **A**, er eftirfarandi kröfur settar fram:

*„Þess er aðallega krafist að [varnaraðila] verði gert að greiða **A**, ehf., kr. 32.211.949 auk dráttarvaxta frá 1. september 2007 til greiðsludags.*

*Til vara er þess krafist að [varnaraðila] verði gert að greiða **A**, kr. 32.211.949 auk dráttarvaxta af kr. 27.500.000 frá 1. september 2007 til uppkvaðningar úrskurðar nefndarinnar, en frá þeim degi til greiðsludags af kr. 32.211.949.*

*Í báðum tilvikum er þess krafist að [varnaraðila] verði gert að greiða [sóknaraðila og **A**.] in solidum hæfilegan málskostnað vegna rekstur (sic) kærumálsins fyrir nefndinni.”*

Sóknaraðili styður kröfur sínar þeim rökum að sökum þess hversu lengi varnaraðili hafi dregið að gefa út bankaábyrgð til kaupa á gluggum í fjölbýlishúsið að **B**, hafi **A**, ehf. orðið fyrir um kr. 50.000.000 fjármagnskostnaði, sem áður hafi verið áætlaður kr. 13.000.000. Stafi þetta af drætti á verklokum frá október 2006 til júní 2007, sem rakinn verði til aðgerða varnaraðila.

Í annan stað kveður sóknaraðili varnaraðila hafa synjað um útgáfu skilyrts veðleyfis vegna **D**, Hafi yfirtaka kaupanda eignarinnar á áhvílandi lánnum dregist í fjóra mánuði af þessum sökum og varnaraðili reiknað sér dráttarvexti þann tíma. Hefðu vaxtagreiðslur **A**, orðið kr. 2.500.000 lægri ef ekki hefði komið til nefndrar synjunar varnaraðila.

Í þriðja lagi telur sóknaraðili að við gerð lánsamninga í júlí, nóvember og desember 2006 vegna byggingar síðarnefndrar fasteignar hafi varnaraðila verið ljóst að treyst væri á að hefðbundnir fjármögnunarsamningar yrðu gerðir um verkið. Af því hafi hins vegar ekki orðið og hafi varnaraðili reiknað sér kr. 13.183.768 í dráttarvexti frá 2. janúar 2007 á meðan reiknaðir samningsvextir hefðu orðið kr. 8.471.819. Gerir sóknaraðili kröfu um að **A**, verði endurgreiddur mismunurinn kr. 4.711.949.

#### IV.

##### **Athugasemdir varnaraðila.**

Varnaraðili krefst þess aðallega að máli þessu verði vísað frá úrskurðarnefndinni, en til vara að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Aðalkröfu sína styður varnaraðili þeim rökum að hann hafi ekki átt nein viðskipti við sóknaraðila persónulega og verði því að vísa málinu frá úrskurðarnefndinni.

Varnaraðili tekur fram að hann hafi átt viðskipti við **A**. Varnaraðili mótmælir öllum fullyrðingum um loforð eða vanefndir af hans hálfu sem röngum og ósönnuðum.

Varnaraðili kveður framkvæmdir við **B**, hafa gengið vel til að byrja með. Síðan hafi orðið tafir á verkinu, m.a. vegna þess að **A**, fékk ekki bankaábyrgð til gluggakaupa hjá viðskiptabanka sínum og hafi varnaraðili orðið að leysa það mál, m.a. í ljósi þeirra hagsmuna sem varnaraðili hafði af því að verkið ynnist áfram. Tafir á verkinu og framkvæmdahraði þess hafi hins vegar alfarið verið á ábyrgð **A**, ehf. Hafi tafirnar leitt til þess að lán varnaraðila féllu í gjalddaga og **A**, ehf. lent í ýmsum vanskilum, en varnaraðili hafi leitast við að hjálpa **A**, í þeim efnum.

Varnaraðili kveður þær kröfur, sem **A**, hafi sett fram í bréfi sínu, dagsettu 1. ágúst 2007, um kr. 25.000.000 afslátt og viðbótarniðurfellingu að fjárhæð kr. 2.500.000 hafa verið algerlega órökstuddar og fullkomlega óraunhæfar og hafi þeim strax verið hafnað af hálfu varnaraðila. Kveður varnaraðila aldrei hafa verið reiknaða dráttarvexti vegna **B**, þrátt fyrir að samningur hafi verið gjaldfallinn í meira ár, heldur eingöngu umsamdir

óverðtryggðir samningsvextir, auk þess sem aldrei hafi verið reiknaður lögfræðikostnaður þótt full ástæða hafi verið til. Þá kveður varnaraðili meintar tafir á gerð kaupsamnings um **D**, algerlega vera á ábyrgð kaupanda og/eða seljanda eignarinnar.

Varnaraðili vísar til þess að kröfum sóknaraðila hafi ekki að öllu leyti verið hafnað af varnaraðila. Hafi varnaraðili samþykkt að veita **A**, afslátt, annars vegar að fjárhæð kr. 750.000, sem falist hafi í sparnaði á stimpilgjöldum með framsali tryggingarbréfa, og hins vegar með beinni lækkun vaxta, sem hafi þegar upp hafi verið staðið numið kr. 795.862. Hafi afsláttur því numið alls kr. 1.545.862. Þá hafi varnaraðili lánað **A**, kr. 3.728.100 til greiðslu stimpil- og þinglýsingarkostnaðar vegna bréfa frá Íbúðalánasjóði, sem hvíli á **B**, Láðst hafi að telja þessar skuldir með skuldum **A**, ehf. við varnaraðila við gerð kaupsamning, en úr því hafi verið bætt með samkomulagi, dagsettu 28. ágúst 2007. Hafi varnaraðili þá samþykkt að lána **A**, umrædda fjárhæð allt til 1. október 2008, en greiðsla skuldarinnar sé tengd lokauppgjöri **A**, við kaupanda **D**.

Varnaraðili telur að fullt samkomulagt hafi ríkt í uppgjöri sínu og **A**, Hafi varnaraðila veitt verulegan afslátt, auk þess sem hann hafi reiknað kröfur án dráttarvaxta og kostnaðar, sem falið hafi í sér frekari lækkun.

## V.

### Niðurstaða.

Ágreiningur í máli þessu er risinn af lántökum **A**, hjá varnaraðila og samningum þeim tengdum. Ágreiningslaust er að sóknaraðili gekkst í mörgum tilvikum í sjálfskuldarábyrgð fyrir lánnum **A**, hjá varnaraðila og gæti af þeim sökum mögulega verið aðili máls á hendur varnaraðila fyrir úrskurðarnefndinni. Í kvörtun sóknaraðila eru hins vegar gerðar kröfur um endurgreiðslu vaxta af lánnum til **A**, ehf., samtals að fjárhæð kr. 52.500.000. Í bréfi sem sóknaraðili ritar fyrir sína hönd og **A**, er gerð krafa um að varnaraðili greiði **A**, kr. 32.211.949 ásamt tilgreindum dráttarvöxtum, auk þess sem gerð er krafa um greiðslu málskostnaðar til handa sóknaraðila og **A**.

Kröfugerð sóknaraðila snýst samkvæmt framansögðu um rétt **A**, til endurgreiðslu úr hendi varnaraðila, nema hvað áhrærir kröfu sóknaraðila og **A**, um málskostnað úr hendi varnaraðila. **A**, er ekki aðili að kvörtun í máli þessu heldur sóknaraðili persónulega. Getur hann ekki gert kröfur í málinu í nafni þriðja aðila sem ekki hefur borið fram kvörtun við nefndina. Með vísan til þessa málalíbúnaðar sóknaraðila verður ekki hjá því komist að vísa málinu frá úrskurðarnefndinni.

**Ú r s k u r ð a r o r ð:**

Máli þessu er vísað frá úrskurðarnefndinni.

Reykjavík, 16. maí 2008.

---

Guðjón Ólafur Jónsson

---

Geir Arnar Marelsson

---

Grétar Grétarsson

---

Gunnar Viðar

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir



Ár 2008, fimmtudaginn 27. mars, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Grétar Grétarsson, Gunnar Viðar og Hildigunnur Hafsteinsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 15/2007**:

**M**  
**gegn**  
**fjármálafyrirtækið F**

og kveðinn upp svohljóðandi

## **ú r s k u r ð u r :**

### **I.**

#### **Málsmeðferð.**

Málsaðilar eru **M**, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar, og fjármálafyrirtækið **F**, hér eftir nefnt varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefnd 20. desember 2007 með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 18. sama mánaðar. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 15. janúar 2008, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi hans, dagsettu 29. janúar 2008. Var það sent sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 30. janúar, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi sóknaraðila, dagsettu 15. febrúar 2008.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 14. janúar, 12. mars og 27. mars 2008.

### **II.**

#### **Málsatvik.**

Sóknaraðili hóf búskap í **A**, og stundaði þar einkum alifuglarækt og eggjaframleiðslu. Átti hann jörðina ásamt móður sinni og sjö systkinum. Skömmu eftir síðustu aldamót stóðu yfir samningaviðræður milli sóknaraðila og systkina hans um að hann keypti hlut þeirra í jörðinni, en ekki varð af samkomulagi. Vanskil urðu á áhvílandi lánum og var jörðin seld á uppboði í ágúst 2002 og aftur 22. september 2003. Var hún í síðarnefnda skiptið slegin **A**, sem var í eigu systkina sóknaraðila. Gerði sóknaraðili tilraunir til að kaupa jörðina af félaginu en varð ekki ágengt. **A**, komst í ágúst 2004 í eigu mágs sóknaraðila annars vegar og útíbússtjóra varnaraðila á **B**, hins vegar. Varnaraðili synjaði sóknaraðila um lánafyrirgreiðslu til kaupa á jörðinni í desember 2003 og aftur í desember 2004. Óskaði sóknaraðili þá aðstoðar stjórnar varnaraðila við að eignast jörðina með bréfi, dagsettu 27. desember 2004. Ekki verður séð af gögnum málsins að því erindi hafi verið svarað. Sóknaraðili var borinn út af jörðinni að beiðni **A**, og hefur átt í málaferlum við félagið vegna þess.

Sóknaraðili kærði afgreiðslu varnaraðila og afskipti nefnds útibússtjóra í kaupum á jörðinni **A**, til Fjármálaeftirlitsins með bréfi, dagsettu 13. október 2006. Mun stofnunin hafa ráðlagt sóknaraðila að leita til úrskurðarnefndarinnar.

Sóknaraðili bar fram kvörtun við úrskurðarnefndina, dagsetta 2. ágúst 2007, sbr. mál nr. 9/2007. Málinu var vísað frá úrskurðarnefndinni 25. október 2007 á þeim forsendum að ekki væri uppfyllt skilyrði 5. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, dagsettra 8. júní 2000, um að fjármálafyrirtæki hafi hafnað kröfu viðskiptamanns eða ekki hafi tekist að leysa málið með sátt innan fjögurra vikna frá því að viðskiptamaður lagði málið fyrir fjármálafyrirtæki.

Að gengnum nefndum úrskurði úrskurðarnefndarinnar krafði sóknaraðili varnaraðila með bréfi, dagsettu 8. nóvember 2007, um greiðslu á kr. 810.578.752 auk dráttarvaxta. Var varnaraðila gefinn tíu daga frestur til að greiða kröfuna eða semja um greiðslu hennar. Ekki verður séð að varnaraðili hafi svarað erindi sóknaraðila.

Málinu var skotið til úrskurðarnefndarinnar með kvörtun, dagsettri 18. desember 2007.

### III.

#### Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili kveðst gera svofelldar kröfur fyrir úrskurðarnefndinni:

„*A. Viðurkenningar á bótaskyldu [varnaraðila] vegna afgreiðslu [varnaraðila] á beiðni [sóknaraðila] um fyrirgreiðslu til kaupa á jörðinni A, í júní 2004 og afskipta og þátttöku [nafngreinds] útibússtjóra í kaupum á sömu jörð.*

*B. Þá krefst [sóknaraðili] bóta að fjárhæð kr. 10.578.752,-, auk dráttarvaxta frá 5. september 2006 til greiðsludags.*

*C. Einnig krefst [sóknaraðili] greiðslu bóta að fjárhæð kr. 800.000.000,-.“*

Sóknaraðili styður kröfur sínar þeim rökum að útibússtjóri varnaraðila á **B**, hafi komið í veg fyrir að hann fengi fyrirgreiðslu hjá varnaraðila til kaupa á jörðinni **A**. Hafi útibússtjórinn síðan sjálfur gengið inn í sömu viðskipti ásamt félaganum og hafi varnaraðili fjármagnað kaupin. Hafi aðkoma útibússtjórans verið óeðlileg og falið í sér brot gegn VII. kafla laga nr. 161, 2002 um fjármálafyrirtæki, einkum 56.-58. gr. Beri varnaraðili bótaábyrgð á greindum starfsmanni sínum.

Sóknaraðili krefst annars vegar bóta vegna útlagðs kostnaðar, kr. 10.578.752. Sundurlíðast sú fjárhæð í lögfræðikostnað, kr. 3.378.752, og greiðslu til **A**, kr. 7.200.000. Hins vegar krefst sóknaraðili bóta fyrir annað tjón, sem hann kveður nema núverandi verðmæti jarðarinnar. Krefst hann kr. 800.000.000 vegna þessa.

### IV.

#### Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess aðallega að öllum kröfum sóknaraðila verði vísað frá úrskurðarnefndinni, en til vara að þeim verði hafnað.

Áhrærandi aðalkröfu sína vísar varnaraðili til þess að málatilbúnaður sóknaraðila sé ruglingslegur og hafi engin gögn verið lögð fram sem styðji fullyrðingar hans um ólögmeða aðkomu varnaraðila að ákvörðunum um að hafna lánveitingum til sóknaraðila. Þá kveður varnaraðili skaðabótakröfu sóknaraðila með öllu vanreifða og tilvísanir til lagaákvæða án tenginga við málið. Vísar varnaraðili máli sínu til stuðnings til b- og e-liðar 6. gr. og 7. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Varnaraðili kveður tvö lánaerindi hafa borist frá sóknaraðila á þeim tíma sem sé til umfjöllunar og hafi hafi þau bæði borist í gegnum útibú varnaraðila í **C** þar sem sóknaraðili hafi verið í viðskiptum. Hafi útibússtjóri varnaraðila á **B**, ekkert haft með viðskipti sóknaraðila hjá varnaraðila að gera og ekki komið nálægt ákvörðunum um viðskipti sóknaraðila. Hafi það verið lánanefnd fyrirtækjasviðs varnaraðila sem hafnaði beiðnum sóknaraðila um lán þann 30. desember 2003 og aftur 23. desember 2004. Ástæður þess hafi m.a. verið þær að ekki hafi átt að leggja fram neitt eigið fé, veðhlutfall hafi verið talið of hátt og rekstur gengið illa, auk þess sem varnaraðili hafi verið stór lánardrottinn í alifuglarækt. Hafi ekkert óvenjulegt eða óeðlilegt ráðið niðurstöðum varnaraðila um að hafna lánsbeiðnum sóknaraðila.

## V.

### Niðurstaða.

Í máli þessu krefst sóknaraðili annars vegar viðurkenningar á bótaskyldu varnaraðila vegna synjunar á lánveitingu til sóknaraðila til kaupa á tiltekinni jörð í **D**, og þátttöku útibússtjóra varnaraðila í kaupum á jörðinni. Hins vegar krefst hann skaðabóta að fjárhæð kr. 810.578.752, auk dráttarvaxta af kr. 10.578.752 frá 5. september 2006 til greiðsludags. Varnaraðili hefur aðallega uppi þá kröfu að máli þessu verði vísað frá úrskurðarnefndinni en til vara að öllum kröfum hans verði hafnað.

Aðalkröfu sínar styður varnaraðili þeim rökum að málatilbúnaður sóknaraðila sé ruglingslegur, skaðabótakrafa hans með öllu vanreifuð og tilvísanir til lagaákvæða án tenginga við málið. Krafa sóknaraðila um tilgreindar skaðabætur byggir á þeirri málsástæðu að varnaraðili hafi bakað sér bótaskyldu með aðgerðum sínum eða athafnaleysi. Yrði fallist á skaðabótakröfu sóknaraðila myndi sú niðurstaða byggjast á því að varnaraðili hefði bakað sér slíka bótaskyldu. Viðurkenningarkrafa sóknaraðila er því hluti af málsástæðum hans til stuðnings fjárkröfu sinni. Verður því að vísa henni frá úrskurðarnefndinni. Skaðabótakrafa sóknaraðila er hins vegar sett fram með skýrum hætti og að hluta til studd reikningum. Þrátt fyrir að málatilbúnaður sóknaraðila sé ekki með nægilega skýrum hætti þykir nokkuð ljóst að hann telur útibússtjóra varnaraðila á **B**, hafa gengið fram með þeim hætti gagnvart sóknaraðila að bakað hafi varnaraðila bótaskyldu gagnvart sóknaraðila. Eru því ekki alveg nægjanleg efni til að vísa málinu í heild frá úrskurðarnefndinni. Verður kröfu varnaraðila um frávísun því að öðru leyti hafnað.

Málatilbúnaður sóknaraðila þykir verða að skilja svo að hann telji varnaraðila bera skaðabótaábyrgð á meintri saknæmri háttsemi útibússtjóra varnaraðila á **B**, sem falist hafi í að koma í veg fyrir að sóknaraðili fengið notið fyrirgreiðslu varnaraðila við að kaupa aftur jörðina **A**, sem hafði verið í eigu sóknaraðila, en í tvígang verið seld nauðungarsölu. Fyrir liggur að beiðnir sóknaraðila um lánafyrirgreiðslu fóru í gegnum útibú varnaraðila í **C**, og þaðan fyrir lánanefnd varnaraðila. Sóknaraðili hefur ekki sýnt fram á að umræddur útibússtjóri hafi með einhverjum hætti haft áhrif á synjun varnaraðila um fyrirgreiðslu eða að sú synjun hafi á einhvern hátt verið óréttmæt eða óeðlileg. Þá hefur heldur ekki verið sýnt fram á að téður útibússtjóri hafi með einhverjum öðrum hætti sýnt af sér saknæma háttsemi í starfi sínu fyrir varnaraðila þannig að valdið geti bótaábyrgð varnaraðila. Verður þá þegar af þessum ástæðum að hafnað öllum kröfum sóknaraðila á hendur varnaraðila.

### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Vísað er frá úrskurðarnefndinni kröfu sóknaraðila, **M**, um viðurkenningu á bótaskyldu varnaraðila, fjármálafyrirtækisins **F**, „vegna afgangreiðslu [varnaraðila] á beiðni [sóknaraðila] um fyrirgreiðslu til kaupa á **A**, í júní 2004 og afskipta og þátttöku [nafngreinds] útibússtjóra í kaupum á **A**.“. Að öðru leyti er frávísunarkröfu varnaraðila hafnað.

Öðrum kröfum sóknaraðila á hendur varnaraðila er hafnað.

Reykjavík, 27. mars 2008.

---

Guðjón Ólafur Jónsson

---

Geir Arnar Marelsson

---

Grétar Grétarsson

---

Gunnar Viðar

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir